ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT

Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTAHREYFINGARINNAR MARXISTANNA - LENÍNISTANNA 1 72

LANDSBÓKASAFN
310237
ÍSLANDS





"Sagan á umliðnum öldum hefur verið saga um stéttabaráttu"



Fyrstu drög að byltingarsinnaðri stéttaskilgreiningu á íslenzka þjóðfélaginu



Hugmyndafræði smáborgaralegu sósíalistanna



Útþensla heimsvaldastefnunnar og kvislingarnir í Bangla Desh

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST

Stéttabaráttan

Stéttabaráttan er málgagn Kommúnistahreyfingarinnar marxistanna - lenínistanna, sem gegnir því hlutverki að ryðja braut byltingarsinnuðu starfi á Íslandi. Kommúnistahreyfingin m-l er námshópar, sem byggja á grundvelli byltingarsinnaðs náms í marxismanum - lenínismanum, hugsun Maó Tsetungs, með stofnun Kommúnistaflokks að markmiði fyrir sósíalíska byltingu og alræði öreiganna - uppbyggingu sósíalismans.

Áætlað er að Stéttabaráttan komi út 4-6 sinnum á þessu ári og er verð í lausasölu 30 - 50 kr. Til þess að hægt sé að tryggja og vanda útgáfuna og stækka upplagið er mikilvægt, að byltingarsinnaðir verkamenn og aðrir byltingarsinnar gerist áskrifendur sem fyrst. Við bjóðum þrenns konar áskrift: 250 kr áskrift - stuðningsáskrift 300 kr og baráttuáskrift 450 - 500 kr.

Við hvetjum alla byltingarsinnaða Íslendinga til að hefja nám í marxismanum-lenínismanum, hugsun Maó Tsetung á grundvelli námstillögu Kommúnistahreyfingarinnar m-l !
(Sjá um námið aftast í blaðinu).

Hafið samband við Hjálmtý Heiðdal, Birkimel 10, Reykjavík. Sími 16093.

FRAM TIL BARÁTTU FYRIR BYLTINGARSINNUÐU NÁMSSTARFI ÖREIGASTÉTTARINNAR !

LÆRUM AF STÉTTABARÁTTUNNI OG GERUM ÞEKKINGU OKKAR AÐ VOPNI TIL FLOKKSMYNDUNAR !

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Guðlaugsson

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT

Stéttabaráttan



"SAGAN HEFUR Á LIÐNUM ÖLDUM VERIÐ SAGA UM STÉTTABARÁTTU"

"Saga um stéttabaráttu".

Sannleiksgildi þessara orða kommúnistaávarpsins hafa löngum verið borgurunum þyrnir í augum. Útverðir borgarastéttarinnar - smáborgaralegu sósíalistarnir hafa sífellt reynt að varpa hulíðsblæju yfir sannleikann um stéttirnar og stéttabaráttuna. Þessum borgarasveinum hefur þótt marxíska þekkingin um stéttirnar og stéttabaráttuna bezt geymd í handraðanum. Þeir hafa básúnað undirlægjuvizku um stéttasamstarf yfir landsbyggð alla, allt frá þeirra fyrstu afskiptum að stjórnmálastarfi.

11. sept. 1944 sagði Einar Olgeirsson í ræðu á alþingi:
"Slíku jafnvægi fáum við aðeins haldið í utanríkispólitík vorri, að öflugt samstarf sé með sterkustu stéttum í landinu í þessu augnarmiði."

Stéttasamstarf í stað stéttabaráttu!

Stéttasamstarf getur ekki verið í öðru formi en undirgefni. Í stéttaþjóðfélaginu er "frelsið", frelsi hinnar ríkjandi stéttar að arðræna og kúga hina vinnandi stétt. Í auðvaldsþjóðfélaginu getur því aðeins verið um frelsi borgarastéttarinnar að ræða, frelsi til að arðræna og kúga öreigastéttina.

Öreigastéttin getur við vissar aðstæður tekið þátt í samfylkingu þar sem borgararnir eru með, en skilyrðið er að kommúnistar leiði öreigana í því sambandi og að fylking af þess háttar tagi sé andfylking gegn heimsvaldastefnunni og þjóni byltingarsinnuðu hlutverki.

Gegn "frelsi" borgarastéttarinnar verður öreigastéttin að tefla byltingarsinnuðu valdi til að geta frelsað sig úr arðráns- og kúgunarfjötrum borgarastéttarinnar. Þá mun öreigastéttin einnig frelsa mannkynið allt undan arðráni og kúgun í eitt skipti fyrir öll.

Barátta öreigastéttarinnar í sérhverju landi er um leið barátta fyrir frelsi öreiga alls heimsins. Þannig er öreigabyltingin alþjóðlegs eðlis, þó hún sé þjóðleg að formi til.


Sagan hefur sýnt okkur, að hin ráðandi stétt kúgara mun aldrei láta völd sín án harðvítugrar baráttu. Þess vegna er það sama og að ganga þegjandi undir kúgunarvald auðvaldsstéttarinnar, þegar maður gefur þingræðinu trúnað sinn og trúir á lýðræði borgaranna.

Tilraunir stéttasamstarfsmanna til að leiða baráttu öreigastéttarinnar inn í þingsali borgarastéttarinnar, múlbinda hana leikreglum kúgara sinna, eru tilraunir stéttasvikaranna til að halda öreigunum í í arðránsfjötrum. Stéttasamstarfsmennirnir hafa rangsnúið og falsað marxismann í því skyni að reyna að innprenta borgaralegu hugmyndafræðina meðal öreiganna.

Ekkert vekur borgurunum meiri ugg, en einharður og vel skipulagður öreigaflokkur, vopnaður vitneskjunni um arðránshlutskipti sitt og þekkingunni um sögulegt hlutverk sitt - öreigabyltinguna og alræði öreiganna, uppbyggingu sósíalismans.

Kommúnistahreyfingin marxistarnir-lenínistarnir telur, að uppbyggingu kommúnistaflokks á Íslandi sé aðeins hægt að framkvæma samkvæmt leiðum díalektísku efnishyggjunnar. Þess vegna verða byltingarsinnaðir öreigar Íslands að fylkja sér um markvisst námsstarf í marxismanum-lenínismanum og hugsun Maó Tsetungs.

Það er nauðsynlegt að brjóta á bak aftur blekkingarvef borgaralegu hugmyndafræðinnar og opinbera sannleikann um íslenzka auðvaldsþjóðfélagið. Öreigarnir verða að þekkja gjörla til stéttarandstæðingsins, kunna skil á innbyrðis afstöðu stéttanna, þekkja hreyfingar þeirra og lögmál til að geta farið leið byltingarinnar í stéttabaráttunni.



Fram til byltingarsinnaðrar andspyrnu gegn stéttasamvinnunni!

Lifi byltingarsinnuð stéttabarátta öreigastéttarinnar!

Fyrstu drög að byltingarsinnaðri stéttaskilgreiningu á íslenzka þjóðfélaginu

"ÁN BYLTINGARSINNAÐRAR FRÆÐIKENNINGAR -ENGIN BYLTINGARSINNUÐ HREYFING! "

Lenín

Það er fyrst þegar öreigunum tekst að hagnýta hina almennu reynslu fræðikenningarinnar við séraðstæður hvers staðar,að fræðikenningin getur orðið að efnislegum krafti fyrir byltinguna.

Starfsemi íslenzku gervisósíalistanna,safnaðarins kringum stefnusmíði Alþýðubandalagsins,hefur verið stærzta hindur í vegi fyrir að beztu öreigunum hafi tekizt að skapa sér byltingarsinnaðan starfsgrundvöll.Borgarasveinarnir í Alþýðubandalaginu hafa ötullega dreift hugmyndafræði borgaranna í því augnamiði að þagga niður byltingarsinnaðar raddir stéttvísustu öreiganna.

Eina leiðin til að sigrast á borgaralega áróðrinum er að leggja grundvöll að byltingarsinnuðu námsstarfi. Það er aðeins marxismann-lenínismann að vopni, sem öreigunum getur tekizt að afhjúpa gervisósíalistana og sýna fram á óhjákvæmilega nauðsyn byltingarinnar og alræðis öreiganna til að hægt sé að byggja sósíalismann.

STÉTTABARÁTTAN hefur tekið til viðfangs að gera fyrstu drög að byltingarsinnaðri stéttaskilgreiningu á íslenzka þjóðfélaginu.Stéttaskilgreining er nauðsynleg til þess að öreigarnir geti farið rétta leið í stéttabaráttunni og vísað á bug hverskyns hentistefnu og borgaralegum áróðri endurbótasinnanna.

Við hvetjum alla byltingarsinnaða íslendinga og sérstaklega námshópana sem þegar hafa hafið grundvallarnám í marxismanum-lenínismanum,að senda gagnrýni til STÉTTABARÁTTUNNAR,hugmyndir og tillögur sem geta varpað ljósi á verkefni stéttaskilgreiningarinnar og skapað traustari grundvöll undir væntanlegt rannsóknarstarf.

I. ALÞJÓÐLEG BYLTINGAREYNSLA ÖREIGASTÉTTARINNAR

Alræði öreiganna

Tímabil stéttaþjóðfélaganna hefur stöðugt þróazt í átt til skírari skiptingar stéttanna í eina arðránsstétt og arðrændar stéttir hins vegar. Sögulegt hlutverk stéttaskiptingarinnar er að líða undir lok. Öreigabyltingarnar hafa þegar höggvið burtu stofn arðránstrésins frá rótum í meir en einum fjórða hluta heimsins. Hinar sigursælu byltingar öreigastéttarinnar hafa sannað skilyrðislausa nauðsyn alræðis öreiganna fyrir uppbyggingu sósíalismans.
Byltingarsinnaðir öreigar hvers lands verða að ávaxta þetta pund með því að tileinka sér alþjóðlega byltingarreynslu öreigastéttarinnar og hagnýta hana við séraðstæður lands síns samkvæmt marxísku fræðikenningunni um stéttabaráttuna.

Drögum saman marxísku fræðikenninguna um stéttabaráttuna með Marx eigin orðum:

"Það nýja sem ég gerði var:
1) Að sýna fram á að tilvera stéttanna er einvörðungu tengd tilteknum sögulegum þróunarskeiðum framleiðslunnar.
2) Að stéttabaráttan leiðir óhjákvæmilega til alræðis öreiganna.
3) Að þetta alræði er sjálft aðeins millibilsástand fyrir afnám allra stétta og myndun stéttlauss samfélags".
(Marx Engels: Úrvalsrit I,bls. 265).

Vísindaleg stéttarannsókn er skilyrðislaust nauðsynleg

Grundvallarspurning stéttarannsóknarinnar er: Hverjir eru höfuðandstæðingarnir? Spurningunni um höfuðandstæðingana í stéttabaráttunni á Íslandi hefur ekki enn verið svarað með vísindalegri stéttarannsókn. Þar með er ekki sagt að höfuðmóthverfa íslenzka þjóðfélagsins sé að öllu leyti óþekkt fyrirbæri.
Íslenzka auðvaldsstéttin hefur um langan aldur arðrænt og kúgað íslenzkan verkalýð. Stéttastríðin hefa geisað hatrammlega, þar sem arðránstrýni auðvaldsins hefur með geiflum og arðránsklóm grímulaust birzt verkalýðnum.
En það er hvergi nærri fullnægjandi að benda á að baráttan stendur á milli auðvaldsstéttarinnar annarsvegar og öreigastéttarinnar hins vegar til þess að hægt sé að gera sósíalistíska byltingu. Við verðum að þekkja styrk og hátterni þessara höfuðandstæðinga, þekkja hverjir eru helztu bandamenn hvorrar stéttar fyrir sig og hvatvísi þeirra bandamanna til að gerast þátttakendur á höfuðvígstöðvum stéttabaráttunnar.

Byltingarreynslan frá Rússlandi og Kína hefur sannað nauðsyn stéttaskilgreiningarinnar

Það var aðeins með stéttaskilgreininguna að grundvelli, sem bolsevíkarnir gátu sigrazt á rotnum hugmyndum mensevíkanna um "leiðandi hlutverk borgaranna í lýðræðislegu byltingunni". Þannig var hægt að sýna fram á að rugl Trotskís um að bændurnir væru í heild sinni íhaldssamir var tómur þvættingur. Þannig var einnig hægt að afhjúpa smáborgaralegar draumsýnir Búkaríns um að stórbændur (kúlakarnir) gætu vaxið friðsamlega inn í sósíalismann. Með stéttaskilgreiningunni var hægt að skapa taktíkina fyrir rússnesku byltinguna. Sýna fram á leiðtogahlutverk öreiganna í borgaralegu lýðræðisbyltingunni, með bændunum gegn Sarnum og borgararnir voru gerðir hlutlausir.
Fyrir sósíalísku byltinguna drógu öreigarnir til sín öreigasinnaða hópa og hálföreiga til að brjóta á bak aftur hervald borgarastéttarinnar með vopnavaldi og einangruðu bændurna og smáborgarana. Að lokum, undir alræði öreiganna var sósíalistíska uppbyggingarstarfið unnið

með stuðningi fátæku bændanna og í samvinnu við millibændurna.

Samskonar úrslitaþýðingu hafði stéttaskilgreiningin fyrir kínversku byltinguna.
Fram til 1927 höfðu fulltrúar kínversku borgarastéttarinnar,Kuomintang verið framsýnn kraftur og kommúnistaflokkurinn hafði samvinnu við þá. Eftir 1927 breyttist Kuomintang í andstæðu sína og varð íhaldssom hreyfing,sem byggð var upp af stórbændum og borgurum og endurspeglaði óstoðuglynda afstöðu borgaranna gagnvart þjóðlegu byltingunni.
Þá komu vinstri-hentistefnumenn fram á sjónarsviðið,sem töldu að öreigarnir einir saman gætu sigrað, og hægri-hentistefnumenn,sem vildu að öreigarnir gæfu sig stjórn borgaranna á vald.
En það var aðeins með því að skilgreina stéttirnar í landinu sem Maó tókst að sýna fram á réttu leiðina til sigurs: Hinir leiðandi,öreigarnir,urðu að byggja á stuðningi hreyfingar smábændanna.
Í stríðinu við Japani breyttist ástand stéttaaflanna í Kína:Þá ríkti ástand sem gerði það mögulegt að öreigarnir og flestallir bændur gátu haft samvinnu við þjóðlegu borgarastéttina í baráttunni gegn Japönum.
Á þessu tímabili voru þó ýmsar móthverfur milli þessara aðila,en samstarf þeirra lá til grundvallar andjapönsku sameiningarfylkingunni.
Án díalektískrar skilgreiningar á mótsetningum stéttanna,af innra ástandi stéttanna,afstöðu þeirra hverrar til annarar og til annarra landa,hefði það verið ómögulegt fyrir kínverska kommúnistaflokkinn að leiða öreigastéttina gegnum hið margslungna spil stéttabaráttunnar og baráttunnar gegn japönsku heimsvaldasinnunum.

11.UM HÖFUÐMÓTHVERFUNA.

Við verðum að þekkja höfuðmóthverfuna

Til þess að geta skilið og haft áhrif á móthverfurnar í þjóðfélaginu verðum við fyrst og fremst að gera okkur grein fyrir hver höfuðmóthverfan er. Út frá því mun okkur geta tekizt að sjá höfuðhreyfinguna í stéttabaráttu íslenzka auðvaldsþjóðfélagsins. Fyrstu athuganir á stéttabaráttunni verðum við því að vinna með það í huga að þekkingin um höfuðmóthverfuna verður ævinlega að vera höfuðlykillinn við mat á hinum einstöku þáttum baráttunnar. Þannig getum við ekki vænzt þess að fá fullkomin svör við öllum spurningum,sem kunna að rísa fram á svið verkefna hinnar byltingarsinnuðu stéttaskilgreiningar,umsvifalaust.Fyrsta þekkingaröflunin verður að vera í samræmi við þá þekkingu,sem við þegar höfum á valdi okkar og er það einnig skilyrði þess að þekkingin geti vaxið í starfi og orðið að ósigrandi afli hinnar byltingarsinnuðu öreigastéttar.

Um höfuðmóthverfu íslenzka þjóðfélagsins á nýlendutímanum

Á þeim tímum er Ísland var dönsk nýlenda var höfuðmóthverfan, móthverfan milli nýlendukúgaranna dönsku annars vegar og hins vegar allrar alþýðu manna á Íslandi og eru þá með taldir íslenzkir smáborgarar.
Á þeim tímum voru engir íslenzkir borgarar til, en hins vegar snérust nokkrir íslenzkir embættismenn snúninga fyrir nýlenduherrana dönsku og voru þar af leiðandi fjandmenn íslenzku alþýðunnar.
Þegar Danir urðu að létta á verzlunareinokunni vegna samkeppni við önnur nýlenduveldi, leiddi það til að íslenzku smáborgarastéttinni óx fiskur um hrygg. Á nítjándu öld varð frelsisbaráttan gegn Dönum hatrammlegri og undir log aldarinnar hafði styrkur íslenzku smáborgaranna vaxið svo,að veldi Dana tók að halla. Öflugastir urðu þilskipa-

útgerðarmennirnir á Vestfjörðum, Eyjafirði og við Faxaflóa. Þessir smáborgarar gátu á sjálfstæðan hátt arðrænt íslenzku fiskimennina, þar sem þeir voru eigendur arðbærustu framleiðslutækjanna. Þetta leiddi til að þeim tókst að ná verzluninni í sínar hendur, sem síðan aftur leiddi til að vísir að sjálfstæðum innlendum iðnaði óx upp og grundvöllur íslenzka auðvaldsskipulagsins var lagður.

Ísland verður auðvaldsland

Fljótlega eftir þetta tók fjármunaupphleðslan að vaxa mun örar og í kringum 1930 er svo til allur fiskiskipaflotinn kominn í eigu íslenzkra aðilja. Á sama tím á sér einnig stað ör flótti bænda úr sveitum landsins, sem var hin nauðsynlega aukning vinnukraftsins, sem varð að eiga sér stað til að íslenzku borgararnir gætu sífellt aukið fjárfestingar sínar og keypt meiri vinnukraft, í sama mæli og síldarverksmiðjurnar uxu upp og framleiðslugeta þeirra margfaldaðist. 1925 voru síldarverksmiðjurnar sjö og framleiðslugeta þeirra 5000 mál á sólarhring. Af þessum verksmiðjum var ein í eigu Íslendinga, ein dönsk-íslenzk, ein dönsk og fjórar norskar. 1939 voru verksmiðjurnar orðnar 16 og framleiðslugeta þeirra 27000 mál á sólarhring. Af þeim átti íslenzka ríkið 5, íslenz einkafyritæki 10 og ein var í eigu erlendra aðilja.
1930 fer Íslandsbanki á hausinn (stofnaður 1904 fyrir brezkt hlutafé) í upphafi heimskreppunnar og Landsbankinn fær rétt til seðlaútgáfu. Útvegsbanki Íslands og Búnaðarbankinn eru stofnaðir um svipað leyti (ríkisbankar). Þetta leiddi til að íslenzka borgarastéttin fékk undirtökin í íslenzku fjármálalífi. Þá er íslenzka fjármálaauðvaldið búið að ná valdi yfir höfuðatvinnuvegunum og fjármálalífinu.

Höfuðmóthverfan í dag

Á þessum tíma er höfuðmóthverfa íslenzka þjóðfélagsins orðin önnur. Baráttuna, sem landsmenn höfðu háð gegn dönsku kúgurunum,leiddu íslenzkir borgarar inn á svið þjóðernislegrar baráttu hinnar nýfrjálsu borgarastéttar fyrir fullkomnum pólitískum réttindum, til að geta kúgað og arðrænt íslenzku verkalýðsstéttina. Fullkominn sigur unnu íslenzku borgararnir 1944,er Ísland varð fullvalda ríki-borgarabyltingin hafði sigrað.
Hinir nýfrjálsu borgarar með Einar Olgeirsson og Ólaf Thors í fararbroddi létu gamminn geisa og sameinuðust í nýsköpunarstjórninni um að auka arðránið á íslenzka verkalýðnum og treysta efnahagslegt sjálfstæði sitt.Hin nýja höfuðmóthverfa er orðin opinber staðreynd. Borgarastéttin stendur andspænis öreigastéttinni og reiðir arðránssvipu sína til höggs.Úr gljáfægðum hornum þeirra hljómar:Vinnið þæg og búið okkur gull,þið Íslands verkamenn!

Móthverfur innan borgarastéttarinnar

Skarað eld að sinni köku gátu þeir,en fljótlega uxu sterkar móthverfur innan borgarastéttarinnar.Aðalmóthverfan varð móthverfan milli þeirra,sem högnuðust á verzluninni við útlönd annarsvegar og hinsvegar þeirra borgara og smáborgara,sem voru bundnir uppbyggingu innlends iðnaðar.Þessi móthverfa hefur tekið á sig ýmsar myndir: verzlunarborgararnir hafa barizt fyrir síaukinni verzlun án tillits til iðnaðarins,iðnaðarborgararnir hafa barizt fyrir aukinni uppbyggingu iðnaðarins og auknu arðráni á íslenzkum verkalýð.Iðnaðarborgararnir tala um sósíalisma samtímis því sem þeir gjamma "sjálfstæð íslenzk iðnvæðingarforysta". Það er augljóst hvað liggur að

baki stefnu þeirra.Höfuðmarkmið þeirra er að byggja upp og þróa á "þjóðlegan hátt" auðvaldið í landinu í átt til iðnvæðingar á borð við nágrannalöndin.
Það sem er mikilvægast fyrir verkalýðinn að gera sér grein fyrir hvað snertir iðnaðarborgarana er að tal þeirra um sósíalismann samræmist á engan hátt raunverulegri stefnu þeirra.Þegar þeir mæla fyrir aukinni ríkiseign berjast þeir fyrir að styrkja ríki auðvaldsstéttarinnar. Og þegar þeir mæla fyrir munn íslenzkrar iðnvæðingarforystu eru þeir einnig bein heilsulind fyrir íslenzku borgarastéttina.

Verzlunarauðvaldið
Stefna verzlunarauðvaldsins er hins vegar bundin tvenns konar takmörkun: Í fyrsta lagi leiðir hún til skeytingarleysis gagnvart innlendum iðnaði,sem hefur í hámæli sínu leitt til beinnar eyðileggingar á framleiðslukröftum landsins.
Í öðru lagi krefst stór innflutningur erlends fjármagns,innflutnings erlends vinnukrafts.Þannig er innflutningur erlends fjármagns bundinn þeim arðránsmöguleikum,sem fyrir hendi eru í landinu.

Auðhringarnir
Það eru ekki íslenzku heimsvaldasinnarnir,sem ráða fjárfestingu erlendu auðhringanna. Erlendu auðhringarnir fjárfesta aðeins þar sem fjárfestingin gefur þeim hámarksgildisauka.Þar af leiðandi er fjárfesting þeirra takmörkuð við það magn vinnukrafts,sem fáanlegt er í landinu,en ekki fyrst og fremst auðlindirnar t.d. vatnskraftinn.
Þó að auðhringarnir fengju ótakmarkað leyfi til innflutnings á fjármagni til landsins,yrði sá innflutningur óhjákvæmilega háður takmorkunum fámennisins.Það er fyrst og fremst arðrán auðhringanna á hinum ódýra íslenzka vinnukrafti,sem er grundvöllur fjárfestinga þeirra hér, og hér lenda þeir í harðri samkeppni við "íslenzka iðnvæðingarforystu" sem berst á heimavelli.

Öreiginn og auðvaldsþróunin
Stöðug leit auðvaldsins eftir hámarksgildisauka knýr auðvaldið til að gera framleiðsluna sífellt ódýrari og ódýrari.Þetta leiðir til þess,að hið fasta auðmagn (vélar,verksmiðjur og verkfæri) vex á kostnað hins breytilega auðmagns (vinnukraftsins). Ef einhver einstakur borgari lætur hjá líða að auka fjárfestingu sína eru dagar hans senn taldir sem borgara,vegna þess að þeir borgarar,sem geta hagnýtt sér nýja landafundi tækninnar slá hinn fyrrnefnda út í samkeppninni.
Hvaða þýðingu hefur þá hagnýting á vélunum fyrir verkamanninn?
Notkun verkfæra hverfur með vélvæðingunni frá verkamanninum til vélanna.Vélin orsakar vinnuskiptingu. Vinnuskiptingunni fylgja óhjákvæmilega minni kröfur til alhliða verkmenntunar,sem leiðir til að verkkunnátta verkamanna verður sífellt minni og minni samtímis aukinni sérhæfingu. Í Kommúnistaávarpinu segir:

> "Fyrir þróun véltækni og verkaskiptingar hefur vinna öreiganna týnt öllu séreðli og einstaklingsbrag og er því sneydd öllu yndi. Verkamaðurinn er ekkert annað en viðbót vélarinnar.Það er ekki krafizt annars af honum en einföldustu,tilbreytingarlausustu og fljótlærðustu handtaka". (Marx Engels Úrvalsrit I,bls.32).

Vegna þess að auðvaldsþróunin er tiltölulega skammt á veg komin á Íslandi,alhliða verkkunnátta íslenzkra verkamanna að tiltölu meiri en stéttarbræðra þeirra í iðnþróuðu löndunum og íslenzki vinnukrafturinn er mun ódýrari en vinnukrafturinn í iðnþróuðu löndunum.

Gróðahlutfallið

Borgararnir fjárfesta fyrst og fremst þar sem gróðahlutfallið er hátt og samsetning fjármagnsins er fábrotin. Það leiðir til að samsetning fjármagnsins verður margbrotnari, vélum og verksmiðjum fjölgar á kostnað vinnukraftsins. Það leiðir til að gróðahlutfallið fellur í öfugu hlutfalli við fjármagnsaukninguna.
Við getum því slegið því föstu að stefna verzlunarauðvaldsins er bundin gróðamöguleikum erlendu auðhringanna (arðránsmöguleikum), sem eru takmarkaðir vegna fámennisins og vandkvæðum sem eru því fylgjandi að flytja inn ódýran erlendan vinnukraft.

Minni borgarar og smáborgarar

Vegna þróunarástands Íslands er smáborgarastéttin tiltölulega sterk og leiðir það til þess að smáborgaralegar hugmyndir eiga tiltölulega greiðan aðgang að verkalýðnum.
Smáborgararnir og minni borgarar munu einnig hafa tiltölulega stóra möguleika til þess að geta klifið upp í borgarastéttina. En höfuðhreyfingin hlýtur þó að vera sú, að smáborgarastéttin hrynur sífellt niður í verkalýðsstéttina. Þannig er mikilvægt að gefa smáborgarastéttinni gaum, til að skilja sérstöðu hinna ungu þjóðlegu borgara og áhrif borgaralegra hugmynda á verkalýðsstéttina.

III. UM GREININGU ÖREIGASTÉTTARINNAR Í HÓPA

Hverjir eru beztu menn öreigastéttarinnar?

Þegar fyrstu svör hafa fengizt við spurningunni um höfuðmótherjana, er mikilvægast að svara spurningunni um hvar beztu menn öreigastéttarinnar er að finna og í hvaða hópa öreigastéttin skiptist. Öreigastéttin er ekki einangruð í þjóðfélaginu. Sambandið við hina smáborgaralegu millihópa, sem auðvaldið framkallar í sífellu og steypir jafnóðum niður í öreigastéttina, brýtur í sífellu einingu öreigastéttarinnar og skiptir henni upp í hópa, sem eru mismunandi móttækilegir fyrir áhrif borgarastéttarinnar.
Þetta gerir það nauðsynlegt að rannsaka vel hver samsetning öreigastéttarinnar er á hverjum stað og stund. Aðeins þannig er hægt að skapa og viðhalda einingu öreigastéttarinnar. Lenín skrifaði:

"Því styrkur verkalýðsstéttarinnar er fólginn í stéttvísi og fjölda -einkenni hennar. Auðvaldsskipulagið eykur á hverju þróunarsigi sínu fjölda öreiganna, launavinnumannanna, það þjappar saman, skipuleggur og upplýsir þá og undirbýr þannig stéttarafl, sem óhjákvæmilega mun ganga á móts við takmark sitt."

(Lenín: Collected works, 20. bindi, bls. 381)

Stalín skiptir öreigunum upp í þrjá höfuð hópa:

"Fyrsti hópurinn er höfuð-hópur öreiganna, kjarni þeirra, hinn stöðugi hluti þeirra, það er hópur hinna 'hreinræktuðu' öreiga, sem hafa fyrir löngu brotið öll bönd við borgarastéttina. Þessi hópur öreiganna er áreiðanlegasti hópurinn fyrir marxismann.
Annar hópurinn er þeir, sem eru nýkomnir frá öðrum stéttum eða hópum frá bændum, frá smáborgurum eða menntamönnum. Þetta eru menn frá öðrum stéttum, sem nýlega hafa hafnað í liði öreiganna og hafa flutt með sér sína siði og háttu, sitt óstöðuglyndi og sinn vingulshátt til öreigastéttarinnar.
Þriðji hópurinn, að lokum, er öreigaaristókratarnir, efsti hópur öreiganna, efnalega bezt setti hópur öreigastéttarinnar, sem hefur tilhneigingar til að gefa eftir gagnvart borgarastéttinni og hefur um leið mestar hneigðir til að aðlaga sig þeim sem eru sterkastir,

til þess að reyna að 'komast upp á við'. Þessi hópur er gróðursælasti jarðvegur fyrir endurbótaskoðanir og hentistefnu."
(Stalín: Enn einu sinni um sósíaldemókratísku úrkynjunina í flokki vorum, bls.12, sænsk útgáfa).
Það er mikilvægast að greina framangreinda þrjá höfuð hópa, en það er einnig mikilvægt að greina hina ýmsu hópa, sem hafa mismunandi afstöðu til að skipuleggja sig í þjóðfélaginu. Og mjög mikilvægt er að athuga hina mismunandi aðstöðu hópanna fyrir áróður okkar kommúnista.

Hinir ýmsu hópar öreiganna

a) sjó-landi
Mjög mikilvægt er að þekkja sérstöðu verkamannanna, sem vinna á sjónum. Mikilvægustu atriðin í því sambandi eru:
1) að þeir afla hráefnisins fyrir höfuð útflutningsiðnaðinn-fisk-framleiðsluna.
2) að vinnustaðurinn er breytilegur frá tíma til tíma. Það þýðir að þeir eiga erfitt um vik að skipuleggja sig.
3) að þeir skiptast í þrjá höofuð hópa: togarasjómenn, sjómenn á farskipum og bátasjómenn.

b) stórir vinnustaðir-litlir vinnustaðir
Stórir vinnustaðir þar sem fjöldi verkamanna safnast saman eru miklu aðgengilegri fyrir áróður okkar kommúnista, en smáir vinnustaðir. Á stóru vinnustöðunum eiga verkamennirnir auðveldara með að skipuleggja sig í stéttabaráttunni og sameiginleg hagsmunamál þeirra þjappa þeim til samstöðu gegn auðvaldinu og gerir þeim mun léttar um vik að skilja byltingarhlutverk öreigastéttarinnar, en þeim verkamönnum, sem vinna fáir saman á minni vinnustöðum.

c) staðbundinn iðnaður - óstaðbundinn iðnaður
Verkamenn, sem vinna um lengri tíma á sama stað, hafa skipulagslega betri aðstöðu en þeir, sem sífellt þurfa að flytja frá einum stað til annars. Óstaðbundnir verkamenn skiptast í tvo höfuðhópa: Þá, sem hafa samning um langtíma t. d. smiðir, sem flytja milli staða og eru allan tíma ráðnir hjá sama byggingameistara.
Hinn hópurinn er sá hópur verkamanna, sem flyzt úr stað til staðar í leit að vinnu og eru þannig nokkurs konar varaher, sem kapítalistarnir taka í vinnu, þegar þeir geta grætt á nýjum fjárfestingum og auknum vinnukrafti. Þessir verkamenn eru einnig þeir, sem kapítalistarnir umsvifalaust segja upp, þegar þeir þurfa að flytja auðmagnið eða draga saman fjárfestinguna t. d. á tímum kreppanna.
Kapítalíska framleiðsluskipulagið krefst þess, að það sé ævinlega fyrir hendi vinnukraftur, sem auðvaldið getur gripið til, hvenær sem það getur hagnazt á aukinni fjárfestingu. Þessi varaher verkamanna þjónar einnig kapítalistunum á þann hátt, að hann eykur samkeppnina milli verkamannanna um vinnuna og leiðir því til, að kapítalistinn á auðveldar með að halda laununum niðri.
Varaherinn er afleiðing kapítalismans og lífsnauðsynlegur fyrir kapítalismann.
Varaherinn skiptist í þrjá höfuðhópa: Varaherinn á farandsfæti, kyrrsetti varaherinn (þeir, sem nær ævinlega búa við atvinnuleysi) og duldi varaherinn (t. d. þeir, sem vinna í landbúnaði og ekki er bein þörf fyrir við landbúnaðinn og geta því fyrirhafnalaust flutzt til iðnaðarins).

d) vaxandi atvinnugreinar - minnkandi atvinnugreinar
Séð í ljósi sögunnar er það augljóst, að verkalýðsstéttinni sem stétt getur ekki verið hótað af þróun kapítalismans, heldur hið gagnstæða. Sé hins vegar þróun kapítalismans athuguð tímabilsbundið, er það augljóst, að

einstakir hópar verkalýðsstéttarinnar eru háðir hinni ójöfnu þróun kapítalismans.

e) háðir - óháðir fiskframleiðslunni
Ótryggt fiskimið og markaðir skapa óstöðuglyndi í fiskiðnaðinum, sem skapar sérstöðu fyrir þá verkamenn,sem vinna við fiskiðnaðinn og mun stór hluti þeirra tilheyra varahernum á faraldsfæti (sjá lið c)).

f) faglærðir - ófaglærðir
Sjá kaflann Öreiginn og auðvaldsþróunin

g) menn - konur
Almennt séð eru verkakonur ekki jafn stéttvísar og verkakarlar.Að nokkru leyti byggist það á því,að þær eru þjóðfélagslega meira kúgaðar en karlmenn,sem á sínar sögulegu forsendur - einangrun konunnar frá atvinnulífinu.Algengt er að konur vinni aðeins hálfan daginn og einnig að þær vinni tímabilsbundið.

h) einkaframleiðsla -ríki og bær
Þessi skipting hefur fyrst og fremst þýðingu hvað snertir vinnuöryggi. Verkamenn hjá ríki og bæ hafa mun öruggari aðstöðu en þeir sem selja vinnu sína til einkakapítalista.Þessi munur kemur sérstaklega fram þegar auðvaldskreppurnar herja.

Að lokum má nefna hálföreiga.Það eru þeir hópar,sem eru aðeins tímabilsbundið háðir því að þurfa að selja vinnukraft sinn t.d. bændur, sem tímabilsbundið vinna í fiskframleiðslunni.

Saga öreigabyltinganna hefur sýnt nauðsyn þess að þekkja hina ýmsu hópa meðal öreiganna.Lenín gerir grein fyrir hinum ýmsu hópum í Rússlandi í tölfræðiskýrslum um verkföll í 16. bindi Collected Works bls. 392-421. Þar bendir hann m.a. á að 1905 voru það verkamennirnir í háþróaða iðnaðinum sem voru fljótastir til baráttu og sérstaklega málmiðnaðarmennirnir og voru þeir einnig bezt undir baráttuna búnir. Þannig gáfu þeir öðrum verkamönnum fordæmi,sem voru minna stéttvísir, til eftirbreytni. Árið 1906 höfðu þeir ekki lengur leiðandi hlutverki að gegna í baráttunni og leiðtogahlutverkið féll í hendur þeim verkamannahópum,sem hinir fyrri höfðu áður leitt í baráttunni. Þessir nýju leiðandi hópar leiddu fyrst og fremst verkamenn í minna þróuðum iðngreinum,aðallega verkamenn í vefnaðariðnaðinum. Þegar svo stéttaróvinurinn hóf grimmilegar árásir 1907 breyttist ástandið á ný og málmiðnaðarmennirnir urðu aftur fremstu leiðtogar hinnar byltingasinnuðu baráttu öreiganna.

IV. STÉTTASKILGREININGIN OG STÉTTVÍSUSTU ÖREIGARNIR

Stéttvísi
Í ritinu Hvað ber að gera? skrifar Lenín:

> " Stéttarvitund verkalýðsins getur ekki verið raunveruleg pólitísk vitund,nema verkamennirnir hafi lært af ákveðnum og umfram allt tímaberum,pólitískum staðreyndum og atvikum að skoða sérhverja aðra þjóðfélagsstétt á sérhvern hátt sem hún tjáir sig í andlegu,siðferðilegu og pólitísku lífi sínu, -nema þeir læri að hagnýta sér í starfi aðferðir efnishyggjunnar við greiningu og mat á öllum lífs og starfs allra stétta,stéttkvísla og hópa meðal þjóðarinnar". (Lenín: Hvað ber að gera? bls. 95).

Sérhver stétt og hinir ýmsu hópar í og milli stéttanna reyna ævinlega að setja hugmyndir sínar fram eins og þær séu sameiginlegar öllum öðrum stéttum og hópum í þjóðfélaginu. Hóparnir og stéttirnar forma hugmyndir sínar til að geta framkvæmt stefnumið sín. Það er augljóst að öreigastéttin verður sérstaklega fyrir áróðri frá smáborgarastéttinni og borgarastéttinni.

Svartfrakkarnir

Það er ekki aðeins með beinni valdbeitingu, sem borgarastéttin vegur að öreigastéttinni. Nauðsynleg hliðstæða kylfunnar og byssukúlunnar eru svartfrakkarnir. Í skólum, útvarpi, blöðum og annarsstaðar dreifa þeir hugmyndum borgarastéttarinnar, sem eiga að gegna því hlutverki að réttlæta valdbeitingu borgarastéttarinnar og arðránið. Smáborgaralegu hóparnir gera sér fyllilega grein fyrir því, að þeir eru þess ekki umkomnir að geta sjálfir boðið upp á þann sameiningarkraft, sem nauðsynlegur er til þess að geta borið fram hugmyndir sínar. Þess vegna leita þeir til verkalýðsstéttarinnar og reyna að ýta henni fram fyrir sig.

Stéttaskilgreiningin

Þróun stéttvísi öreigastéttarinnar er ekki hægt að aðskilja frá þróun aðgreiningar hennar frá öðrum stéttum, frá þeirri þróun er öreigastéttin verður þess megnug að geta greint sín raunverulegu stefnumál frá stefnumálum annarra stétta.

Lenín segir:

"Mennirnir hafa alltaf verið barnsleg fórnardýr, fyrir tál og trúgirni í stjórnmálum og þeir munu alltaf vera það, meðan þeim hefur ekki skilizt að á bak við hvers konar móralskar, trúarlegar, pólitíska og þjóðfélagslega frasa, skýringar og loforð liggja stefnumál ákveðinna stétta."
(Lenín: Collected works bindi 19, bls. 28).

Stéttaskilgreiningin er fyrst og fremst hagfræðileg skilgreining. En það er ekki hægt að sjá umsvifalaust, hver er stjórnmálaleg viðleitni og lögmál stéttanna af hagfræðilegri athugun einvörðungu. Stjórnmálasvipur stéttanna breytist á löngum tíma, háð stéttabaráttunni eftir hvaða þróun stéttabaráttan tekur. Við verðum að rannsaka sögu stéttabaráttunnar og fylgja þeirri rannsókn eftir með nákvæmri rannsókn á ástandinu í dag, til að geta fylgt eftir niðurstöðum stéttarannsóknarinnar í stéttabaráttunni.

Lenín skrifaði:

"Marx sló föstu hvert höfuðverkefni taktíkur öreiganna er, í fullu samræmi við skilyrði hinnar efnislegu og díalektísku heimssýnar hans. Það er aðeins með því, að tekið sé tillit til allsherjar afstöðu stéttanna á hlutlægan hátt, án undantekningar í ákveðnu þjóðfélagi og þar af leiðandi einnig tillit til hlutlægs þróunarástands þjóðfélagsins og afstöðu þess til annarra þjóðfélaga, sem hægt er að leggja grundvöll að réttri taktík fyrir hina þróunarlega jákvæðu stétt. Hér ber að athuga allar stéttir og lönd í þeirra hreyfanlega ástandi og ekki í kyrrstæðri afstöðugreiningu (úr hinu hreyfanlega ástandi sjást lögmál hverrar stéttar og hagfræðilegur grundvöllur). Hreyfinguna ber ekki einvörðungu að athuga út frá sjónarhorni liðins tíma, heldur einnig úr sjónarhorni framtíðarinnar, ekki samkvæmt flötum skilningi "evúlúsjónistanna" sem aðeins sjá hægfara breytingar, heldur díalektískt."
(Lenín: Karl Marx, Röda serien, bls. 35 - 36).

Sömu afstöðu hefur Maó til stéttaskilgreiningarinnar:

"Hverjir eru óvinir vorir? Hverjir eru vinir vorir? Þetta er mikilvægasta spurningin í sambandi við byltinguna. Undirrót þess, að öll fyrri byltingarbarátta í Kína náði svo litlum árangri, var sú, að ekki tókst að sameina hina raunverulegu vini til þess að ráðast gegn raunverulegum óvinum. Byltingarflokkur er leiðsögusveit fjöldans og engin bylting getur nokkru sinni heppnazt, ef byltingarflokkur leiðir hana afvega. Vér verðum að gæta þess að sameina raunverulega vini vora til að ráðast gegn raunverulegum óvinum til að tryggja, að vér vinnum lokasigur í byltingunni og leiðum ekki fjöldann afvega. Til þess að greina á milli raunverulegra vina og óvina, verðum vér að gera almenna rannsókn á efnahagslegri stöðu stéttanna í kínversku þjóðfélagi og afstöðu þeirra til byltingarinnar." (Selected Readings from the Works of Mao Tse-Tung bls. 11).

Hverjir eru stéttvísustu öreigar Íslands í dag?

Haustið 1938 var Kommúnistaflokkur Íslands lagður niður (hann var stofnaður 29. nóv. 1930) og nýr flokkur var stofnaður Sameiningarflokkur alþýðu - Sósíalistaflokkurinn í samstarfi við vinstri arm Alþýðuflokksins. Þessum nýja flokki var gerð "dýrindis" sósíaldemókratísk stefnuskrá. Fljótlega varð flokkurinn segulsvið hægri vindanna innan vinstri hreyfingarinnar og 1944 gekk Sósíalistaflokkurinn í stjórnarsamvinnu við Sjálfstæðisflokkin og Alþýðuflokkinn til að hagnýta þær innistæður, sem höfðu myndazt á stríðsárunum fyrir uppbyggingu kapítalismans á Íslandi.
Annað stóra uppskiptastríð heimsvaldastefnunnar var ný afstaðið. Rússland hafði brotið á bak aftur hrikalegustu vígvél allra tíma, skilgetið afkvæmi kapítalismans - nazismann. Þessi glæsilegi sigur Rauða hersins sýndi ótvíræða yfirburði sósíalismans yfir kapítalismanum og öreigastéttin var alls staðar í heiminum mjög móttækileg fyrir byltingarsinnuðum áróðri kommúnista, fyrir sósíalismann.
Á þessum sama tíma leggja leiðtogar Sósíalistaflokksins allt sitt pund á vogarskálir borgaranna og svíkja hið hetjulega uppbyggingarstarf hins íslenzka Kommúnistaflokks. Allt þeirra mas og starf hefur verið á sömu bókina lært og í dag hafa þeir reist sér verðugan legstein - hið borgaralega Alþýðubandalag.
Höfuðdrættir framangreinds tímabils hafa einkenni stimpilhausa smáborgaralegu sósíalistanna. En þróunin til hægri gerðist ekki átakalaust. Það hafa ævinlega verið menn innan flokksins, sem hafa beitt byltingarsinnaðri andspyrnu gegn hægristefnunni. Í þeirri baráttu hafa flestir "sigrarnir" fallið smáborgaralegu sósíalistunum í skaut.
Þrátt fyrir að svo hafi verið, væri alrangt að meta starf kommúnistanna frá þessum tíma, sem lítilfjörlega og árangurslausa andspyrnu gegn ofurefli hægrimannanna. Starf kommúnistanna innan Sósíalistaflokksins er sú reynsla, sem við kommúnistar í dag verðum að læra af til að geta sameinazt um byltingarsinnað markmið okkar. Stéttvísustu öreigarnir verða að skipuleggja sig á kommúnískan hátt - byggja upp grundvallarnám í marxismanum - lenínismanum, hugsun Maó Tsetung. Margir námshópar hafa þegar hafið starf og Sósíalistafélag Reykjavíkur hefur lagt grundvöll að því, að sem flestir félagsmenn taki þátt í uppbyggingarstarfinu. Innan vébanda þess eru reyndustu baráttumenn, sem öreigastéttin hefur á að skipa í dag. Í Nýrri Dagsbrún skrifar Runólfur Björnsson:

" Það verður ekki lengur byggt á þeim arfi, sem Sósíalistaflokkurinn lét eftir sig. Margra ára hentistefna hefur að mestu þurrkað út þann

byltingarsinnaða kjarna, sem bar uppi íslenzka vinstri hreyfingu um áratuga skeið."

(Runólfur: Sósíalisminn og þingræðið, Ný Dagsbrún 4. tbl. 3. árg.)

Byggjum upp að nýju byltingarsinnaðan kjarna! Látum arf hægrimanna Sósíalistaflokksins verða okkur víti til varnaðar! Stefnum markvisst að stofnun Kommúnistaflokks!

Öreigar og allir stéttarfrændur öreigastéttarinnar, takið þátt í byltingarstarfinu! Lesið: Nýja Dagsbrún málgagn Sósíalistafélags Reykjavíkur og Stéttabaráttuna, málgagn Kommúnistahreyfingarinnar m-l og gerizt þátttakendur í námsstarfinu!

FRAM TIL BYLTINGARSINNAÐRAR ANDSPYRNU GEGN STÉTTASAMVINNUNNI !

LIFI BYLTINGARSINNUÐ STÉTTABARÁTTA ÖREIGASTÉTTARINNAR !

Hugmyndafræði smáborgaralegu sósíalistanna

Eftirfarandi grein er liður í uppgjöri við smáborgaralegu sósíalistanna á Íslandi. Hún opinberar helztu skálkastrik smáborgaralegu sósíalistanna íslenzku, sem er að finna meðal leiðtoga Alþýðubandalagsins. Sósíaldemókratísk stjórnmálastefna þeirra hefur þjónað borgarastéttinni íslenzku. Lofsöngur þeirra um stéttasamstarf og borgaralegt lýðræði hafa verið bitrustu vopn borgarastéttarinnar gegn öreigastéttinni síðustu áratugina. Þeir kalla sig sósíalista en eru undirgefin sósíaldemókratísk stjórnmálagerpi.

Í næstu eintökum Stéttarbaráttunnar mun hin sósíaldemókratíska úrkynjun þeirra verða sýnd í ljósi sögunnar, bæði hvað snertir hina alþjóðlegu þróun og séraðstæður á Íslandi.

Í Kommúnistaávarpinu lýsa Marx og Engels fyrirrennurum þeirra á eftirfarandi hátt:

"Nokkur hluti borgarastéttarinnar vill ráða bót á þjóðfélagsmeinunum til þess að tryggja tilveru hins borgaralega þjóðfélags.

Í þessum flokki er að finna sparnaðarforkólfa, líknarengla og "mannvini", félagsbræður til hjálpar vinnustéttunum, dýraverndarmenn, frömuði góðgerðarfélaga, bindindispostula og útkjálkaumbætara sundurleitustu tegunda. Og þessi sósíalismi borgaranna hefur verið settur í heil kerfi.

Nefna má sem dæmi um þetta Heimspeki eymdarinnar eftir Proudhon.

Hinir sósíalísku borgarar vilja halda við lífsskilyrðum ríkjandi þjóðfélags án baráttunnar og háskans, sem af þeim hljóta að spretta. Þeir vilja hafa þjóðfélag nútímans að frádregnum þeim öflum, er valda þar byltingu og upplausn. Þeir vilja borgarastéttina án öreigalýðsins. Borgarastéttin ímyndar sér auðvitað, að heimur sá, er hún drottnar í, sé hinn bezti heimur. Sósíalismi borgaranna setur þessa huggunarríku ímyndun í hálft eða heilt kerfi. Þegar hann biður öreigalýðinn um að framkvæma kerfi sín og gera svo vel að ganga í hina nýju Jerúsalem, þá krefst hann í rauninni aðeins þess, að öreigalýðurinn verði kyrr í þjóðfélagi nútímans, en losi sig við hinar bitru hugmyndir, er hann hefur gert sér um það.

Önnur tegund þessa sósíalisma var ekki eins kerfisbundin, en allmiklu raunhæfari. Reynt var að venja verkalýðinn af byltingarsinnaðri starfsemi með því að sýna honum fram á, að honum kæmi ekki að neinu gagni hin eða þessi breyting í stjórnmálum, heldur skipti miklu meira máli breytingar á efnahagslegum og fjárhagslegum lífsskilyrðum hans. En sósíalismi þessi átti alls ekki við afnám borgaralegra framleiðsluhátta, sem

aðeins getur náð fram að ganga í byltingarformi, heldur átti hann við endurbætur á stjórngæzlu, sem framkvæmdar verða á grundvelli þessara framleiðsluhátta og breyta því engu um samskipti auðmagns og launavinnu, en draga þegar bezt lætur úr þeim kostnaði, er borgarastéttin hefur af drottnun sinni, og auðveldar henni rekstur ríkisbúsins.

Borgarasósíalisminn verður þá fyrst sjálfum sér líkur, þegar hann er orðinn einskært ræðumannsblaður.

Frjáls verzlun í þágu verkalýðsins! Verndartollar í þágu verkalýðsins! Einmenningsklefar í tugthúsum í þágu verkalýðsins! Þetta er seinasta og einasta orðið, sem borgarasósíalisminn meinar í fullri alvöru.

Sósíalismi borgarastéttarinnar er einmitt fólginn í þeirri staðhæfingu, að borgararnir séu borgarar í þágu verkalýðsins.
(Marx og Engels: Íhaldssósíalisminn, eða sósíalismi borgaranna, Úrvalsrit I, bls. 49 - bls. 50).

Íhaldssömu sósíalistarnir á Íslandi.

Það, sem er einkennandi fyrir smáborgaralegu sósíalistana eins og fyrirrennara þeirra allt aftur til proudhonistanna, er að þeir afneita byltingarsinnaðri heimssýn öreiganna og klæða þess í stað heimssýn borgaranna - hugmyndafræði borgaranna í "sósíalískt" orðagjálfur, þar sem orð og hugtök eru verkfæri til þess að dylja sannleikann um alræði borgaranna. Þessir frasasmiðir reyna af alefli að draga verkalýðinn í dilka borgaralegs löggjavarvalds og fella á öreigastéttina klafa hins borgaralega þingræðis - þess lýðræðis, sem er grundvöllur borgaralega frelsisins að arðræna öreigana. Orð eins og "alþýðustétt", "lýðræði" og "ríkið" eru notuð án þess að þau séu sett í afstöðu til öreigastéttarinnar og þjóna því þeim tilgangi að dylja sannleikann um eignarréttinn á framleiðslutækjunum og að hin pólitísku völd eru í höndum arðræningjanna og þar af leiðandi getur ekki verið um raunverulegt frelsi að ræða, raunverulegt jafnrétti hinum arðrændu til handa.

Þeir skilja ekki stéttabaráttuna.

Smáborgaralegu sósíalistunum er um megn að takast á við að skilgreina stéttir íslenzka þjóðfélagsins. Þeir skilja hugtakið stétt á sinn smáborgaralega hátt sem einhvers konar hópur en ekki út frá framleiðslunni. Þar af leiðandi geta þeir ekki skilið mikilvægi þess að þekkja stéttirnar í þjóðfélaginu og hver eru lögmál þeirra.

Í grein Hjalta Kristgeirssonar í 2. tbl. Réttar 1971 kemur afstaða þeirra berlega fram:

> "Er stefnan hefur verið sett fram svona í hnotskurn, hefði sennilega farið vel á því að greina næst dálítið ýtarlega stéttaskiptinguna í þjóðfélaginu og stéttræðið: einokun borgarastéttarinnar á lífsskilyrðum verkalýðsins og margra álíka settra hópa. Umræða um stéttabaráttuna og um samhengið milli verkalýðshreyfingar og flokkslegu hreyfingarinnar hefði verið hér í eðlilegu áframhaldi. Hvernig verða stéttamótsagnirnar hagnýttar í hinni daglegu baráttu fyrir sósíalismanum?"

Þegar hann þykist hafa sett stefnuna "fram svona í hnotskurn", þá laumast hann til að segja, að það hefði farið vel að greina næst dálítið ýtarlega stéttaskiptinguna í þjóðfélaginu. Ekki hika þessir smáborgarar við að ropa upp stefnu sinni, ef stefnu mætti kalla, án þess

að gera nokkra grein fyrir stéttaskiptingu íslenzka þjóðfélagsins:
"Um þessi brýnu viðfangsefni mun ég þó ekki fjölyrða að sinni, heldur drepa í staðinn á dálítið annað. Það er nefnilega hægt að skipta þjóðfélaginu öðru vísi en eftir stéttum, starfi eða stöðu. Það er til að mynda hægt að skipta fólki í sjúka og heilbrigða, í börn, fullorðna og gamalmenni, í geggjaða, vanvita og fólk með fullu viti."

Og manni er spurn: Í hvaða flokki er Hjalti Kristgeirsson, sjúkur, heilbrigður, barn, fullorðinn, gamalmenni, geggjaður, vanviti eða með fullu viti (varla !) ? Ekki er öll vitleysan eins. Hjalti Kristgeirsson vill skipta mönnum í alla mögulega og ómögulega hópa. Við skulum nú gæta að, hver afstaða tímaritsins Frjálsrar verzlunar, málgagns Frjáls framtaks h.f. er til stéttaskilgreiningarinnar:

"Það hefur löngum viljað við brenna, að reynt væri að draga landsmenn í dilka eftir atvinnuvegum og atvinnugreinum, og gera meira úr einum en öðrum. Allt er þetta í hæsta máta hégómlegt, því að engum dettur það í hug í alvöru, að einn atvinnuvegur geti þrifizt án annarra. Þjónustuatvinnuvegur er þannig sízt minna virði en framleiðsluatvinnuvegur, hvorugur er nauðsynlegri en hinn, en báðir eru jafn ómissandi."
(Frjáls verzlun nr. 10 1971, Frá ritstjórn bls. 82).

Afstaða Frjálsrar verzlunar er hin hlið vitleysunnar, þar sem allt á að vera ekkert. Bæði þessi viðhorf eru sín hvor hliðin í borgaralegu hugmyndafræðinni. Þannig er hópskiptingaræði borgaralegu þjóðfélagsfræðinnar, sem Hjalti Kristgeirsson er ötull talsmaður fyrir, einnig tilraunir borgaranna til að dylja sannleikann um stéttirnar og stéttabaráttuna.

Leiðin þeirra: Hókuspókussósíalismi.

Fullkomið skilningsleysi smáborgaralegu sósíalistanna á stéttabaráttunni sem höfuðdrifkrafti þjóðfélagsþróunar stéttaþjóðfélaganna er grundvöllur þess, að þeir geta ekki skilið mikilvægi þess að þekkja stéttirnar í auðvaldsþjóðfélaginu og þar af leiðandi er þeim einnig ómögulegt að geta séð, hvaða leið ber að fara til sósíalismans.
Hjalti Kristgeirsson segir:
"Sósíalisminn kemur ekki til okkar nema við viljum það og vinnum eitthvað til þess."
Þeir halda því fram, að það sé nóg að hafa vilja og vinna eitthvað!! og þá hókus pókus kemur sósíalisminn til okkar.

Athugum, hvað félagi Stalín segir um skilyrðin fyrir því, að flokkur verkalýðsins fari ekki villur vega í stjórnmálum:

"Slíkur sem veruleiki þjóðfélagsins er og efnahagsleg lífsskilyrði þess, þannig eru og hugmyndir þess og kenningar, pólitískar skoðanir og stofnanir.
Í því sambandi segir Marx:
'Það er ekki meðvitund mannanna, sem ákveður tilveru þeirra, heldur er meðvitundin ákveðin af hinni þjóðfélagslegu tilveru.'
Því er nauðsynlegt, ef flokkur verkalýðsins á ekki að fara villur vegar í stjórnmálum og lenda í ógöngum fánýtra draumóra, að hann leggi ekki óhlutræn 'frumhugtök mannlegrar skynsemi' til grundvallar starfsemi sinni, heldur þann höfuðákvarðanda félagsþróunarinnar, sem felst í raunverulegum skilyrðum hins efnahagslega félagslífs, - ekki frómar óskir 'mikilla manna', heldur raunlægar þarfir þeirrar þróunar, sem efnahagslíf þjóðfélagsins hlítir."
(Saga Kommúnistafl. Ráðstjórnarríkjanna (b), Díalektísk og söguleg efnishyggja bls. 200).

Hugmyndafræðilegt heljarstökk Hjalta Kristgeirssonar nær hámarki sínu, þegar hann í lok greinarinnar segir um sósíalismann:
"Hann býr ekki eingöngu í fræðibókum, formúlum eða stefnuskrám, heldur einnig og miklu fremur í hugarfari okkar og samskiptum hvert við annað."

Smáborgaralegu sósíalistarnir viðurkenna ekki forgangsþýðingu efnahagslegrar lífsskilyrða þjóðfélagsins og hafa þess í stað að leiðarljósi tilfinningafullar draummyndir hughyggjumannanna, sem er um megn að skilja umhverfi sitt og þjóðfélagið.

Umheimurinn er þeim hulin ráðgáta.

Á sama hátt og smáborgaralegu sósíalistunum er ómögulegt að skilja stéttabaráttuna í sínu eigin umhverfi er þeim einnig ómögulegt að skilja það, sem er að gerast annars staðar í heiminum. Einar Olgeirsson fræknasti rugluspekingur íslenzku smáborgaralegu sósíalistanna segir í 1. tbl. Réttar 1971 bls. 31:

"Bylting sósíalismans hefur ekki verið svikin, hvorki í Sovétríkjunum né í Kína, né heldur hefur gagnbyltingin sigrað í þessum stórveldum sósíalismans. Það er mál til komið að tilhæfulausar ásakanir stærstu flokka sósíalismans um gagnbyltingu hvor í annars garð víki fyrir marxistísku mati og umræðum um ólíkar leiðir beggja."

Einhver heldur kannski, að maðurinn sé að gera að gamni sínu, en athugum hvernig framhaldið hljóðar:

"Það er ekki hægt að ræða af viti með því að sjá aðeins það sem aflaga fer og loka augunum fyrir hinu - eða öfugt."

Augljóst er, að Einari er alvara. Hann reynir brögð seiðkarlsins og þykist í spádómlegum töfraheimi sjá, að allt er öðruvísi en það er.

Þeir eru sífellt í andstöðu við sínar eigin yfirlýsingar og viðhorf.

Smáborgaralegu sósíalistarnir virðast ef fljótt er á litið, vera í andstöðu við aðra borgara og við nánari athugun kemur í ljós, að afstaða þeirra formast af stöðu þeirra, sem ekkert vita hvert halda skal, og eru þeir því sífellt í andstöðu við sínar eigin yfirlýsingar og viðhorf. Í Leið Íslands til sósíalisma segir á bls. 17:

"Það, sem mestu ræður um valdaaðstöðu einkaauðmagnsins, eru yfirráð þess yfir ríkisvaldinu, Reykjavíkurborg og bönkum landsins."

Halda mætti, að þeir skildu stéttareðli ríkisins, sem valdatæki hinnar ríkjandi stéttar, en mýmörg dæmi sýna að skilningur þeirra er yfirborðsskilningur smáborgaranna.

Tökum dæmi: Í bæklingi Alþýðubandalagsins, Spurningum svarað um starfshætti og stefnumið segir á bls. 9:

"Alþýðubandalagið er sósíalískur flokkur og byggir stefnu sína á félagslegri eign framleiðslutækja. Því telur hann, að ríkisvaldið og sveitarfélög eigi að hafa forystu um uppbyggingu atvinnulífs í sem flestum greinum og tryggja þar með, að atvinnulífið gangi jafnan á sem hagkvæmastan hátt fyrir þjóðarheildina."

Hesturinn dansaði kúna við upp og niður út á hlið karijoka!

Fyrstu viðbrögð smáborganna þegar stéttabaráttan harðnar, eru að þeir krjúpa inn í hugmyndafræðilega kotið sitt í skelfingarótta við átök stéttanna. Þess vegna er alræði öreiganna hvergi að finna í ritum þeirra og þeir forðast eins og heitan eldinn að nefna hina skilyrðislaust nauðsynlegu valdbeitingu öreigastéttarinnar gegn borgarastéttinni fyrir uppbyggingu sósíalismans.

Í þingsölum borgaranna.

Smáborgaralegu sósíalistarnir halda því fram, að leiðin til sósíalismans liggi í gegnum þingsalina og ötult lagfæringastarf á lagakrókum borgaranna. Í 3. tbl. Réttar 1971 segir Einar Olgeirsson:

"En sú er orðin sár og löng reynsla verkalýðsins og launafólks alls að svo mikilvægt sem það er að knýja fram kauphækkanir og kjarabætur, þá stoði það ekki til að tryggja örugga og batnandi lífsafkomu, nema aukin völd verkalýðsins fylgi með, örugg og mikil áhrif hans fyrst og fremst í öllu atvinnu- og fjármálalífinu. Það hefur úrslitaþýðingu fyrir alla framtíðarstöðu verkalýðsins og samtaka hans að það takist að lögfesta slíka stöðu hans í þjóðfélaginu einmitt nú þegar á þessu kjörtímabili alþýðustjórnarinnar."

Einar hefur augljóslega aldrei með sínum græna heila skilið, að ríkisbáknið, þingið eru á valdi borgaranna og að eina leiðin fyrir verkalýðsstéttina til að geta náð völdum er að bylta með vopnavaldi hinu borgaralega þjóðskipulagi - gera sósíalíska byltingu.

Smáborgaralegu sósíalistarnir spyrja hver annan er þeir lesa þessar línur: Hvers vegna ekki kosningaseðilinn? Hvers vegna ekki lýðræðið? Byltingarsinnaðir öreigar svara þessum spurningum með að gegn valdi borgarastéttarinnar verður að beita byltingarsinnuðu valdi öreigastéttarinnar, vegna þess að valdastéttin - borgararnir hafa öllu að tapa í sósíalískri byltingu og gefast þess vegna ekki sjálfkrafa upp fyrir öreigastéttinni í framsýnni baráttu hennar fyrir sósíalismanum. Smáborgaralegu sósíalistunum er ómögulegt að skilja, að öreigabyltingin er lýðræðislegasta framkvæmd sem hægt er að gera í kapítalísku ríki. Þeim er einnig ómögulegt að skilja díalektíkina og viðhorf þeirra mótast af frumspekilegum skilningi borgara á þjóðfélaginu.
Stalín segir:

"Díalektík er andstæð frumspeki í því, að hún skoðar ekki gang þróunarinnar blátt áfram sem vaxtaraukningu, er fólgin sé í breytingu megindar (stigbreytingu), án þess að henni fylgi nokkur breyting eigindar (eðlisbreyting), heldur telur hún þróunina í því fólgna, að smávægilegar og óáberilegar megindarbreytingar leiði til augljósra gjörbreytinga, eigindarbreytinga, - ekki smám saman, heldur snöggt og skyndilega, í stökki úr einu ástandi í annað, ekki af tilviljun, heldur fyrir tilverknað samsafnaðra áhrifa þessara óverulegu og hægfara megindarbreytinga." (Díalektísk og söguleg efnishyggja bls. 185).

Enn fremur:

"Díalektík er andstæð frumspeki í því, að hún gerir ráð fyrir innri andstæðum, er allir hlutir og fyrirbæri náttúrunnar verði að hlíta, því að öll eiga þau sér jákvæða hlið og neikvæða, fortíð og framtíð vaxtarskeið og hnignunar. Hún telur, að barátta þessara andstæðna, barátta hins gamla og nýja, þess sem deyr og hins sem fæðist, þess sem hrörnar og hins sem dafnar, sé inntak allrar þróunar, inntak allra umskipta, þar sem stigbreyting megindar leiðir til eigindarbreytinga. Það er því meginsjónarmið hinnar díalektísku rannsóknaraðferðar, að þróun frá lægri myndunum til æðri gerist ekki sem samræm framrás fyrirbæranna, heldur sem afhjúpun mótsagna, er í hlutum og fyrirbærum felast, - 'barátta' gagnstæðra hneigða, er virkar verða fyrir þessar mótsagnir." (Sama rit bls. 188).

Sagan kennir okkur.

Látum söguna sanna gildi marxísku fræðikenningarinnar um nauðsyn byltingarinnar:

Árið 1932 unnu búlgörsku kommúnistarnir bæjarstjórnarkosningar í Sófíu og fengu 22 af 35 kjörnum fulltrúum gegn 10 fulltrúum ríkisstjórnarsamsteypunnar og 3 fulltrúum Zankofflokksins. Um leið og árangur kosninganna varð opinber, lýsti Musjanov forsætisráðherra því yfir, að borgarstjórnin yrði leyst upp og að kommúnistaflokkurinn yrði bannaður í allri Búlgaríu.

Í þingkosningunum í Frakklandi 1946 varð kommúnistaflokkurinn stærsti flokkur landsins með 182 kjörna þingmenn í þjóðþinginu. Kosningasigur kommúnistaflokksins skelfdi frönsku borgarana, sem létu breyta kosningalöggjöfinni þannig strax eftir kosningarnar, að árið 1951 fengu kommúnistarnir aðeins 103 þingmenn. Þrátt fyrir breytingar á kosningalögunum fengu kommúnistar 150 menn kjörna árið 1956. Að þessu sinni létu borgararnir breyta kosningalöggjöfinni á nýtt og gerðu það svo rækilega, að kommúnistaflokkurinn tapaði 140 þingsætum í kosningunum 1958. Þeir fengu aðeins 10 menn kjörna þrátt fyrir að flokkurinn hafi verið, ef reiknuð eru atkvæði, stærsti flokkur landsins.

Árið 1936 sigraði spænska Alþýðubandalagið - borgaralegir vinstrisinnar, sósíaldemókratar og kommúnistar algjöran meirihluta í þinginu. Þeir hófu umbótasinnaðar aðgerðir gegn íhaldinu og stórbændunum, sem íhaldið svaraði með borgarastyrjöld. Íhaldið fékk stuðning fasistanna ítölsku og nazistanna þýzku. Eftir þriggja ára borgarastyrjöld tókst íhaldinu að sigra frelsisbaráttu spænska fólksins fyrir tilstilli hjálparinnar frá fasistalöndunum. Síðan hafa allir flokkar á Spáni verið bannaðir nema fasistaflokkurinn og engar þingkosningar hafa átt sér stað.
Þegar þingræðið dugir ekki borgurunum til að viðhalda alræði sínu, leysa þeir það upp og koma á opinberu alræði borgaranna - fasismanum.

Smáborgarar öllum öðrum smáborgurum líkir.

Sannleikurinn um smáborgaralegu sósíalistanna íslenzku er sá, að þeir eru öllum öðrum smáborgurum líkir. Þeir geta ekki skilið hvaðan vindarnir blása í stéttabaráttunni né heldur hvert förinni er heitið í stórsjóum stéttabaráttunnar. Víðsýni þeirra er skammsýni þess, sem í öldudalnum siglir og ekkert sér nema brimboðaöldutoppana allt í kring. Það er aðeins öreigastéttin, sem getur farið rétta leið í stéttabaráttunni, krækt fyrir boða og sker og boðið brimlöðri auðvaldsstéttarinnar byrgin, siglt byltingarsinnuðu skipi sínu í land sósíalismans og byggt upp hið framsýna alræði öreiganna.

Lýðræði Þjóðviljans – alræði borgaranna

Eftirfarandi grein var afhent ritstjóra Þjóðviljans til birtingar, sem framlag til opinberrar umræðu og sem annað sjónarmið en þau borgaralegu ummæli um árásarstríð indverskra heimsvaldasinna, sem birzt hafa í Þjóðviljanum. Ritstjóri Þjóðviljans, þessa "málgagns sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis" (!!!), bauðst til að ritskoða greinina og kallaði hana öfga. Þegar þessu tilboði hans var hafnað, harðneitaði hann að birta greinina! Við athugun kom síðar í ljós, að síða unga fólksins, " Uppreisn ", var einnig ritskoðuð af ritstjóra þvert ofan í fullyrðingar Alþýðubandalagsins um ríkjandi skoðanafrelsi ungra flokksmanna ! Greinilegt er að ritstjóri hefur um það fyrirmæli að birta ekkert annað en þann borgaralega áróður, sem hann og starfslið hans hnoðar saman með blessun forystusauða Alþýðubandalagsins. Fullyrðing okkar, um að Þjóðviljinn sé málsvari heimsvaldastefnunnar, sannast í þeim vinnubrögðum (ritskoðun), sem hæfa þeim einum, sem hafa hag af því að dylja hið rétta eðli árásarstríðs indverskra heimsvaldasinna og rússneskra sósíalheimsvaldasinna gegn Pakistan og reyna af fremsta megni að rægja og ófrægja höfuðvígi sósíalismans í dag, Kínverska Alþýðulýðveldið. Ritskoðun Þjóðviljans á sósíalísku framlagi til opinberrar umræðu, sæmir Þjóðviljanum vel, því hann er trúr hinni borgaralegu heimsýn og ákafur fylgjandi málsvari arðráns og kúgunar rússnesku sósíalheimsvaldastefnunnar. Þannig sannar Þjóðviljinn í verki, að hann hefur svikið verkalýðsstéttina algjörlega og fyllir nú flokk kúgaranna !



Bresjnev
Indira Gandhi
Mujibur Rahman

Við miðum að því að gera Indland að hlaupatíkuríki okkar. Við látum þá fá stærstan hluta af u-hjálp okkar og herinn þeirra er næstum algjörlega byggður upp af okkar fé. Það gildir nefnilega að flæma USA út úr Suður-Asíu. Indland liggur einnig að landamærum Kína og þess vegna er landið sér í lagi mikilvægt fyrir okkur, þar sem við ætlum að umkringja Kína og byggja herstöðvar fyrir væntanlegt stríð við þessa bölvaða kommúnista.

Og hún þarna frú Gandhí er góð sem undirlægja. Þegar við höfðum lamið niður þessa ofstopamenn í Tékkóslóvakíu -68 og það átti að kjósa upp á nýtt í SÞ, þá sat Indland á atkvæði sínu. Í fyrra gerðum við góðan hernaðarsamning við Indland, sem kemur að miklu gagni, þegar við byrjum að fást við Kínverjana.

Það er klárt, að við urðum spæld, þegar Englendingarnir ákváðu að skipta upp landinu. Við töpuðum mikilli hampa- og bómullarækt, sem við þurfum sem nauðsynlegar hráefnalindir fyrir iðnaðinn. Í svona löguðu getur maður bara ekki staðið í eða hvað? Við höfum gert okkar bezta til að ná aftur svæðunum á okkar vald, sem við töpuðum, - þótt við segjum við fólkið að sjálfsögðu, að við verðum að berjast við Pakistanana vegna þess að þeir eru múnameðskir. Því trúir fólkið, þessir einföldu heimskingjar. Kínverjar eru verstu óvinir okkar, en við getum nú séð við þeim, með hjálp hinna kæru rússnesku vina. En ef USA býður okkur sína hjálp með betri skilyrðum en Rússarnir, þá tökum við gjarnan við henni líka. Það er gott að vera hlutlaus !

Ég er sprellikarl og það er Indíra Gandhí sem heldur í spottana. En það varðar mig ekki svo miklu, því ég hef nefnilega fengið að verða forsætisráðherra og á því græðir maður stórar fjárfúlgur. Og þegar fólkskarinn hrópar "Joi Bangla!" og "Lifi Mujibur!" þá hef ég það á tilfinningunni, að ég þýði alla vega eitthvað. Þá líður mér vel. Ég er hetja fólksins, það er ég. Annars er frú Gandhí alveg geysilega elskuleg dama. Þrátt fyrir allt hef ég svolitlar áhyggjur. Vissir ofstækishópar - marxistar-lenínistar kalla þeir sig - skilja ekki, að það er miklu betra að vera undir Indland komin en Vestur-Pakistan. Alla vega fyrir okkur borgarana. Baráttu gegn heimsvaldastefnunni og útþenslustefnu Indlands tala þeir um. Og baráttu gegn MÉR ! Þeir eru ægilegar þessar týpur, ofstopamennirnir. Og stuðning fá þeir áreiðanlega frá Kína líka. Ég verð að taka þá í gegn hið bráðasta. Eins og alkunnugt er, er ég sá eini, sem getur bjargað Bangla Desh undan kommúnismanum.

Útþensla heimsvaldastefnunnar og kvislingarnir í Bangla Desh

Stuðningur íslenzkra borgaralegra fjölmiðla (þ. á. m. Þjóðviljans, sjá t. d. grein hmh 7. 1. 1972 "Fordæmanleg afstaða") við árásarstríð "lýðræðisríkisins" Indlands á Pakistan og falskar frásögur af undanfara stríðsins jafnt sem eðli stríðsins sjálfs, stuðla á engan hátt að raunhæfri skoðanamyndun um það, sem hefur gerzt og er að gerast. Stuðningsmenn indversku heimsvaldasinnanna á Íslandi spara ekkert til að draga upp þá mynd, sem gerir Indland að útverði friðar og frelsis í Suður-Asíu. Jafnframt er reynt að gera afstöðu Kína fyrir óskiptu og þjóðlegu sjálfstæði Pakistans að heilshugar stuðningi við hernaðareinræðið í Pakistan og svikum við frelsisbaráttu alþýðunnar. Hve fölsk þessi mynd er og hverra hagsmunum hún þjónar, sýnum við fram í eftirfarandi grein. Skal grein þessi skoðast sem framlag til opinberrar umræðu um ástandið í Pakistan, indversku útþensluatefnuna og ekki síst þátt sovésku sósíalheimsvaldasinnanna í þessu máli.


Nixon

Við höfum reynt að lauma okkur bæði inn í Indland og Pakistan. Mest reyndum við við Pakistan. Þeir komu jafnvel með í SEATO, eitt af hernaðarbandalögum okkar. Indland var aftur á móti einþykkt og lét Rússana byggja upp iðnaðinn og herinn hjá sér. Auðvitað gat ég ekki yfirgefið Indland í örlaganna hendur eða réttara sagt Rússanna. Svo við sendum Indlandi ú-hjálp líka og þegar þeir réðust á Kínverjana -62, þá fengu þeir vopn frá okkur fyrir 70 millj. dollara. Samt sem áður verða þeir bara hliðhollari Rússunum. Á Asíubúa er ekki hægt að treysta, það höfum við reynt í Indókína líka. Óþakklátir er það, sem þeir eru. En þetta átti nú eftir að verða verra. -64 henti Pakistan burt herstöðvum okkar. Þeir sögðust ekki geta treyst okkur, þar sem við styddum Indland. Ekki geta treyst okkur stálheiðarlegum könum! Og síðan byrjuðu þeir að reyna við pilsfaldinn á Kína. Það er óskiljanlegt. Við vissum ekki í hvorn fótinn við áttum að standa í lengur. Svo við höfum haldið áfram að senda Indlandi u-hjálp og vopn til Pakistan. Smám saman sáum við, að það var Rússland, sem hafði undirtökin í Indlandi. Svo þegar stríðið braust út, veðjuðum við kaldir á Pakistan. Og hvað gerist? Þessir djöfulsins gipshausar fara og TAPA! Kolsvartasta helvíti - þetta er það versta eftir byltinguna í Kína. ALLIR ERU Á MÓTI OKKUR!

Hvernig líta marxistar-lenínistar almennt á stríð?

Lenín segir í ritgerð sinni Stríð og bylting : "frá sjónarmiði marxismans, þ.e.a.s. vísindalega sósíalisma nútímans, er grundvallarspurningin, þegar sósíalistar ræða hvernig á að meta stríðið og hvaða afstöðu á að taka til þess - spurningin um, hvernig þetta stríð er háð, hvaða stéttir hafa undirbúið það og ákveðið stefnu þess." (Stríð og bylting, bls. 21, sænsk útg. KFML(r)). Hann segir einnig : "það eru til mismunandi stríð. Maður verður að gera sér skýra grein fyrir úr hvaða sögulegu aðstæðum stríðið, sem um ræðir, er sprottið, hvaða stéttir heyja það, til hvers það er háð". (sama, bls. 21).

Sögulegar rætur árásarstríðs Indverja gegn Pakistan.

Árið 1947 neyddust Englendingar til að gefa Indlandi formlegt sjálfstæði, en jafnframt var landinu skipt í tvo hluta, Indland og Pakistan. Í því tilfelli var annars vegar um að ræða hagsmuni múhammeðskrar óðalseigendastéttar, sem studd var af Bretum, og hinsvegar hagsmuni vaxandi hindúanskrar borgarastéttar. Hindúanska borgarstéttin var mjög mótfallin skiptingunni, því í henni fólst missir mikilvægra hráefnalinda og iðnaðarsvæða, t.d. bómullarspunaverksmiðjanna á Kalkúttasvæðinu. Pólitík Indverja gagnvart Pakistan hefur því alltaf verið árásargjörn útþenslustefna, sem hefur nokkrum sinnum leitt til þess, að Indverjar hafa gripið til vopna til að færa út landamæri sín (Kashmír).

Þjóðleg móthverfa milli Vestur- og Austur-Pakistans.

Á milli Austur-Pakistans og Vestur-Pakistans ríkir þjóðleg móthverfa. Afstaða Vestur-Pakistans til Austur-Pakistans einkennist af heimsvaldasinnuðu arðráni. Í Austur-Pakistan býr meir en helmingur íbúa landsins og þanað kemur meira en helmingur útflutningsteknanna. Flestar fjárfestingar, bæði innlendar og erlendar, fara til Vestur-Pakistans. Þannig hefur borgarastétt Vestur-Pakistans styrkst sífellt. Hún samanstendur aðallega af 2o fjölskyldum, sem ráða yfir 66% iðnaðar, 8o% bankanna og 97% af tryggingarkerfinu og eru nátengdar hernum. Borgarapressan heldur því fram, að Pakistan sé 2 lönd vegna landfræðilegrar legu þess. Gegn þeirri staðhæfingu stendur sú staðreynd, að 1947 var ríkjasambandið Pakistan stofnað úr indversku fylkjunum A.-Bengali, Tribur og V.-Pakistan samkvæmt lýðræðislegum kosningum.

Vaxandi borgarastétt Austur-Pakistans og Awamibandalagið.

Austurpakistanska borgarastéttin, sem er mjög veikburða, sá sinn eina möguleika til að þróast og vaxa, að brjótast undan efnahagslegu oki vesturpakistönsku borgarastéttarinnar. Alþýða Austur-Pakistans, sem vegna hagfræðilegra og pólitískra tengsla Austur-Pakistan við Vesturpakistan, stendur í beinni mótsetningu við yfirstétt Vestur-Pakistans, studdi því sjálfkrafa allar tilraunir austurpakistönsku borgarastéttarinnar til að losa sig undan yfirráðum Vestur-Pakistans. Þannig er það ekkert óeðlilegt, að Awamibandalagið skyldi sigra í kosningunum 197o, sem urðu kveikjan að þeim atburðum, sem síðar varð að blóðugri borgarastyrjöld og árásarstyrjöld Indverja.

Afskipti indverksu heimsvaldasinnanna.

Eins og áður sagði hefur indverska borgarastéttin alltaf verið í mótstöðu við Pakistan. Þannig varð sú þjóðlega móthverfa, sem ríkti í Pakistan, tilvalið tækifæri fyrir Indland að sundra Pakistan og ná yfirráðum yfir auðlindum Austur-Pakistans. Juku Indverjar smám saman hernaðarafskipti sín, sem náðu hámarki í árásarstríðinu. Í því stóðu borgarastétt Indlands og þjóðlega smáborgarastéttin í Austur-Pakistan sem önnur hlið í móthverfu, þar sem vesturpakistanska borgarastéttin myndaði hina. En þessi móthverfa var þó ekki höfuðmóthverfa stríðsins.

Höfuðmóthverfan í árásarstyrjöld Indverja.

Er Indverjar blönduðu sér með vopnavaldi í borgarastyrjöldina, dyggilega studdir af rússnesku sósíalheimsvaldasinnunum, leiddi það til að höfuðmóthverfan, sem hafði verið móthverfan milli borgarastéttar Vestur-Pakistans annarsvegar og hinsvegar alþýðu Austur-Pakistans (þjóðlega móthverfan, sem áður er getið), varð minniháttar móthverfa og móthverfan milli heimsvaldastefnunnar og þjóðlegs sjálfstæðis Pakistans varð höfuðmóthverfan. Stríðið í Pakistan tók á sig nýja mynd, breyttist vegna innrásar heimsvaldasinna frá að vera borgarastríð og varð útþenslustríð indversku og rússnesku heimsvaldasinnanna. Í því stríði er rétt að styðja rétt pakistönsku þjóðarinnar til að leysa sín eigin vandamál án íhlutunar erlendra aðila. Þetta er framsýnt viðhorf kommúnista fyrir sigri sósíalismans í heiminum.

Heimsvaldastefnan og stríðið.

Árás Indverja var tilraun til að komast yfir náttúruauðvi Austur-Pakistans og sundra Pakistan. Rússnesku sósíalheimsvaldasinnarnir standa að baki þessarar útþenslustefnu Indverja. Þar er fyrst og fremst um að ræða tilraunir til að umkringja Kína og einangra enn betur og jafnframt auka áhrifasvæði sitt. Nú ber svo við, að morðingjarnir frá innrásinni í Tékkóslóvakíu 1968, sem hlutu fordæmingu heimsins, eru orðnir frelsishetjur og hugljúfar borgaralegu pressunnar. Afstaða USA sýnir vel sundrungina, sem ríkir í herbúðum heimsvaldasinna. Þrátt fyrir það að USA hefur auðvitað mikinn áhuga á að einangra Kína, þá hefur mótsetningin við Rússland og afturför USA sem heimsvalds greinilega leitt til þess að USA hefur ekki getað gripið beint inn í atburðarrásina. Þetta er tímamótaósigur fyrir USA, því Pakistan hefur ætíð reynst eitt af helztu áhrifasvæðum þeirra hingað til - 75 milljóna markaður er tapaður !

Afstaða Kína.

Afstaða kínversku kommúnistanna hefur vakið furðu margra og borgaralegu blöðin túlka hana auðvitað sem stuðning við hernaðareinræðið í Vestur-Pakistan í blíðu og stríðu. Þetta eru stéttarlygar borgaranna! Kínverjar hafa aldrei stutt Vestur-Pakistan ´ öðrum grundvelli en fimm púnktunum um friðsamleg samskipti og sjálfstæði þjóða, sem bæði Indverjar og Pakistanir féllust á á Bandung-ráðstefnunni 1955. Líku máli gegnir um þá lýsingu, sem hefur verið hampað á lofti hér að afstaða Kínverja "....hafi ráðist af þeirri aðstöðu, sem þeir

hafa notið í hafnarborgum Pakistans." (sjá grein hmh í Þjóðviljanum 7.jan. s.l.). Þessi fullyrðing fellur um sjálfa sig,ef litið er á landakortið. Kína hefur bæði margar og stórar hafnarborgir á einni lengstu strandlengju veraldar. Öll helztu iðnaðarsvæði Kína eru tengd þessum hafnarborgum!

Indverjar "leysa" innanríkisvandamál Pakstans.

Í desember s.l. viðurkenndu Indverjar hið svokallaða Bangla Desh, sem þeir höfðu áður búið til og skipað leppstjórn þess í Indlandi. Áður höfðu indverskir útþenslustefnumenn soðið saman ástæðurnar fyrir fyrirhugaðri vopnaðri íhlutun í Pakistan. Til að réttlæta vopnaða árás sína sagði Indira Gandhi: "Pakistan er nágrannaríki Indlands og lausnin á innanríkisvandamálum Pakistans hlýtur því að verða í samræmi við hagsmuni og vilja Indverja. Ef Pakistan gengur ekki að skilyrðum Indverja,mun Indland senda hersveitir sínar inn á pakistanskt yfirráðasvæði". Þetta þýðir að hvert einasta ríki veraldar,sem á sér nágrannaríki,sem hefur innri vandamál,hefur rétt til vopnaðrar íhlutunar í hagsmunaskyni!!

"Flóttamannavandamálið" - tylliástæða fyrir árás Indverja.

Önnur ástæða, sem indverskir heimsvaldasinnar gáfu fyrir vopnaðri árás sinni,var "flóttamannavandamálið" svokallaða,en indverskir heimsvaldasinnar eru þekktir fyrir að galdra fram "flóttamenn", sem síðan eru notaðir í hatursáróðri gegn viðkomandi landi. Fyrir rúmum 10 árum síðan bjuggu þeir til annað "flóttamannavandamál",þá í Tíbet. Eftir uppreisn óðalseigenda í Tíbet réðust Indverjar inn á kínverska grund og er þeim var sparkað út aftur tóku þeir með sér tugþúsundir "flóttamanna". Indira Gandhi hefur ekki heldur viljað fallast á tilboð Sameinuðu þjóðanna um að flytja austurpakistönsku flóttamennina til baka,þrátt fyrir samþykki pakistönsku stjórnarinnar og loforð SÞ um að sjá til þess, að ekkert henti flóttamennina,þegar þeir væru komnir aftur til Pakistans. Hún hafði ekki í hyggju að skila flóttamönnunum, sem hún hefur opinberlega kallað " eins konar pakinstanska árás á Indland". Í staðinn voru þeir notaðir sem átylla til grimmilegrar árásar á heimaland þeirra!

Mansjúkúó ´32 - Bangla Desh ´71.

Svo ósvífnir hafa indversku útþenslustefnumennirnir gerzt að þeir lýstu því yfir, að nærvera pakistanskra hersveita í Austur-Pakistan væri ógnun við friðinn,aftur væri nærvera inverskra herja í Austur-Pakistan trygging fyrir friðnum !!! Þessi fortakslausa ósvífni er hrein eftirmynd japanskra fasistaaðgerða á þriðja áratugnum. Þeir komu á fót hinu "frjálsa" Mansjúkúó í Norður-Kína og lýstu því síðan yfir,að nærvera kínverskra hersveita í kínverska héraðinu Hopei væri ógnun við friðinn. Til að vernda friðinn réðust japönsku fasistarnir síðan inn í Hopei hérað og kúguðu það undir stjórn sína með grimmilegum aðförum. Rússnesku sósíalheimsvaldasinnarnir og bandhundar þeirra beita nákvæmlega sömu aðferðum við útþenslu áhrifasvæða sinna og japönsku fasistarnir. Bangla Desh er ekkert annað en endurtekning á Mansjúkúó og leppstjórn þess er ekki stjórn fólksins,eins og ind-

verskar áróðursvélar og borgarapressan segja,heldur snúningadrengir rússneskra og indverskra heimsvaldasinna.

Indversku árásarseggirnir gera innrás í dularklæðum.

Indversku árásarherrarnir hafa flaggað hinum svokölluðu Mukti Bahini (frelsisherjum Bangla Desh) og gefið í skyn, að hlutur þeirra í baráttunni gegn vesturpakistanska herrum sé mikill og þarna sé um að ræða þjóðina sjálfa í hetjulegri mótspyrnu gegn ofurefli kúgaranna. Blaðamaður London Times var viðstaddur þegar Mukti Bahini sveitirnar voru sminkaðar og dulbúnar af indverskum vopnabræðrum og lýsir þessu svona þann 24.nóv: "Indverskar hersveitir,dulbúnar sem Bengali skæruliðar,ráðast inn á pakistanskt umráðasvæði og heil herdeild hefur tekið landræmu norðvestur af hinni víggirtu borg Jessore". Mukti Bahini sveitirnar hafa orðið samnefnari allra þeirra afla,sem börðust gegn ofbeldi vesturpakistönsku borgarastéttarinnar.Þessu er þó ekki svo farið. Sem dæmi má nefna, að þegar herforingi skæruliðasveita í Austur-Pakistan kom til Indlands að biðja um vopn og vistir, var honum varpað í dýflissu,vegna þess að indverskum heimsvaldasinnum þótti hann vera of vinveittur Peking. Indverska borgarastéttin var að tryggja yfirráð sín yfir Austur-Pakistan,en ekki að veita alþýðunni aðstoð,eins og hún dylur ofbeldisverk sín með!!

Indversku heimsvaldasinnarnir afhjúpaðir sem árásaraðilinn.

Sannleikurinn er sá, að Mukti Bahini hafa ásamt öðrum hlutum indverska hersins stefnt að því marki að hrinda í framkvæmd áætlun indverskra og rússneskra heimsvaldasinna; að setja á fót leppríkið Bangla Desh og tryggja yfirráð þeirra í hinu auðuga Austur-Pakistan. Yfirlýsing Indiru Gandhi,að indverskar hersveitir yrðu ekki dregnar til baka,ef stjórn Bangla Desh óskaði nærveru þeirra,sýnir fram á, að Indverjar ætla sér að halda yfirráðum sínum með hervaldi. Það sýnir líka, að stjórn Bangla Desh er ófær um að halda völdum án stuðnings indverskra hersveita. Skrípaleikur indverskra útþenslustefnumanna hefur svipt hulunni af eðli stríðsins og sýnt svo ekki verður um villzt,hver er árásaraðilinn og ofbeldisfremjandinn. Indverjar standa grímulausir fyrir augliti heimsins sem árásaraðilinn, studdir af rússnesku sósíalheimsvaldasinnunum.

Þjóðviljinn - málsvari heimsvaldastefnunnar ? !!

Heimsvaldasinnaður áróður í sambandi við stríðið á Indlandsskaganum hefur helriðið íslenzkri borgarapressu. Ötulasti forsvarsmaður hans er Þjóðviljinn (sjá fréttafrásagnir af stríðinu, samantekt á.b 18. 12. '71, grein um Mujibur Rahman 15.1. '72). Í greininni "Fordæmanleg afstaða" (hmh, Þjóðviljanum 7.1.'72) segir: "....því kom það í opna skjöldu,þegar Pekingstjórnin fordæmdi frelsishreyfingu Austur-Pakistana og gerðist stuðningsmaður herforingjaklíku Jaja Khans." Mukti Bahini, frelsisher Austur-Pakistana, reyndist vera indverskur her í dularklæðum - úlfar í sauðagærum. Því var ekki von, að Kínverjar lýstu yfir stuðningi við árásarmennina. Kínverjar hafa heldur aldrei lýst yfir stuðningi við herforingjaklíku Jaja Kahns og sízt af öllu stutt fjöldamorð vesturpakistönsku borgarastéttarinnar á

alþýðu Austur-Pakistans. Þeir hafa aðeins haldið fram rétti sérhverrar þjóðar til að leysa eigin vandamál og fordæmt afskipti indversku heimsvaldasinnanna.

Hverjir eru "löðrandi í blóði"?

Í sömu grein segir : "En með afstöðu sinni í borgarastyrjöldinni í Pakistan hafa hendur Pekingstjórnarinnar löðrast blóði þeirra manna, sem treystu henni til að vera uppruna sínum trú; ..." Þeir einu, sem eru löðrandi í blóði alþýðunnar í Austur-Pakistan, eru indversku og rússnesku heimsvaldasinnarnir og borgarastétt Vestur-Pakistans. Ef kommúnistahatarinn Mujibur Rahman og fylgifiskar hans hefðu haft raunverulaegan áhuga á að frelsa alþýðu Austur-Pakistans, hvers vegna neituðu þeir þá að vopna alþýðuna og skildu hana varnarlausa eftir gegn hryðjuverkum vesturpakistanska hersins, en flúðu sjálfir til Indlands. Þessir "alþýðuvinir" sátu við kúfuð háborð indversku borgarastéttarinnar meðan landsmenn þeirra hrundu úr hungri og farsóttum í flóttamannabúðum eða voru myrtir í Austur-Pakistan.

Svik Þjóðviljans við verkalýðsstéttina.

Hin borgarablöðin hafa tekið í sama streng og Þjóðviljinn í viðleitni sinni til að réttlæta útþenslu- og árásarstefnu Indverja og Rússa, þar má ekki koma hníf á milli. Íslenzk verkalýðsstétt hefur ekki gleymt sambærilegri "frelsisviðleitni" nazistanna þýzku á þriðja áratugnum, sem lofsungin var af borgarablöðunum þá - t.d. "frelsun" Austurríkis og Tékkóslóvakíu, sem reyndar var forleikurinn að öðru uppskiptastríði heimsvaldastefnunnar. Það blað, sem eitt sinn barðist gegn "frelsunum" þýzku fasistanna, Þjóðviljinn "málgagn sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis", afhjúpar sig nú sem óvin verkalýðsstéttarinnar.

Samandráttur.

Af framansögðu dylst engum, að stríðið í Austur-Pakistan er runnið undan sömu "frelsishvötum" og ofbeldisaðgerðir japönsku og þýzku fasistanna á þriðja áratugnum. Árásaraðilinn er indversku heimsvaldasinnarnir, studdir og hvattir af rússnesku sósíalheimsvaldasinnunum. Það borgarastríð, sem Indverjar kyntu undir í Pakistan, leiddi til árásar- og útþenslustyrjaldar indversku borgarastéttarinnar gegn Pakistan. Bangla Desh, ávöxtur styrjaldarinnar, er ekkert annað en nýtt Mansjúkúó - leppríki indversku borgarastéttarinnar. Þegar borgarastétt heimsins er í þann mund að hrinda af stað þriðju uppskiptastyrjöld heimsvaldastefnunnar og býzt til að etja öreigum heimsins fram á vígvellina til slátrunar enn einu sinni, stillir Þjóðviljinn sér upp að baki heimsvaldastefnunnar og lofsyngur hana gegn verkalýðsstéttinni.

Byltingarsinnað námsstarf !

Í dag er höfuðverkefni stéttvísustu öreiga Íslands: grundvallarnám í marxismanum - lenínismanum og hugsun Mao Tsetung. Án byltingarsinnaðrar fræðikenningar vinna öreigarnir enga byltingarsigra í stéttabaráttunni.

Starfshópar fyrir undirbúning að stofnun samtaka ísl. marxista - lenínista hafa lagt drög að myndun námshrings í marxismanum - lenínismanum við ísl. aðstæður. Þessi frumdrög að námshring eru aðeins fyrstu drög að skipulagi fyrir byltingarsinnað námsstarf á Íslandi. Þess vegna hefur námshringurinn takmarkanir hvað snertir lifandi dæmi úr stéttabaráttunni á Íslandi. Þennan vankant námshringsins verða námshóparnir að ráða bót á með skapandi námsstarfi. Það er ómögulegt að læra af hinni alþjóðlegu reynslu öreigastéttarinnar og skilja grundvallarkenningar marxismans-lenínismans ef námsstarfið byggist ekki á sjálfstæðu námsstarfi miðað við íslenzkar aðstæður.

Endurskoðunarhugmyndir verkalýðsforustunnar og stjórnmálastefna Alþýðubandalagsins hafa verið borgaralegt heftikefli í stéttabaráttunni. Gegn hlaupatíkurstefnu þeirra, gegn alræði borgaranna rís markmið okkar: byltingarsinnað starf á grundvelli sögulegs hlutverks öreigastéttarinnar.

Til þess að geta unnið sigur í stéttabaráttunni verða stéttvísustu öreigarnir að tileinka sér sameinaða baráttureynslu öreigastéttarinnar allt frá Marx til Mao Tsetung og tengja almennt gildi þessarar reynslu séraðstæðum íslenzka þjóðfélagsins. Fræðikenningin er vopnasmiðjan, þar sem rauðir brandar öreigastéttarinnar eru hamraðir. En þar með er engan veginn öruggt að maður verði bar baráttudjarfur kommúnisti af bókarlestri einum saman. Vopnasmiðurinn verður að þekkja til þeirra mótsetninga sem eru ráðandi í umhverfi hans, til að geta hvesst eggjárnið á réttan hátt. Við þekkjum allt of mörg dæmi um spekiþruglara og orðagjálfrara, sem kalla sig kommúnista, en eru í raun og veru ekkert annað en uppblásnir og háborgaralegir menntamenn, víðsfjarri hinni daglegu baráttu öreigastéttarinnar í hugarflugum sínum og starfi.



Gerum námsstarfið að vopnasmiðju hinna stéttvísu öreiga í baráttunni fyrir stofnun kommúnistaflokks sem getur leitt öreigastéttina fram til sigurs í stéttabaráttunni með sósíalískri byltingu og reist alræði öreiganna, sem skref í átt að hinu stéttlausa samfélagi kommúnismans.

1. fundur: KOMMÚNISTAÁVARPIÐ.

Lesefni: Kommúnistaávarpið, kafli 1 Borgarar og öreigar. Kafli 2 hraðlesinn. Öðrum köflum sleppt nema lokaorðunum í 4. kafla.

2. fundur: DÍALEKTÍSKA OG SÖGULEGA EFNISHYGGJAN.

Lesefni: Díalektísk og söguleg efnishyggja : J.V.Stalín, í Saga kommúnistaflokks ráðstjórnarríkjanna, bls. 182-228.

3. fundur: UM STARFIÐ.

Lesefni: Maó Tsetung: Ritgerðir I, Um starfið, bls. 9-29.

Ýtarlegra lesefni f. 2. og 3. fund: Maó Tsetung: Ritgerðir I, Um móthverfurnar, bls. 30-79.

4. fundur: PÓLITÍSKA HAGFRÆÐIN I.

Lesefni: K. Marx: Úrvalsrit I, Laun, verð og gróði, bls. 173-201.

Ýtarlegra lesefni: K. Marx: Úrvalsrit I, Launavinna og auðmagn, bls. 131-155.

5. fundur: PÓLITÍSKA HAGFRÆÐIN II.

Lesefni: A.Rochester: Auðvaldsþjóðfélagið, bls. 71-78 (kreppan).
F. Engels: Úrvalsrit I, Þróun sósíalismans, bls. 113-117 (fyrstu greinarskil á báðum blaðsíðum).
V.I.Lenín: Heimsvaldastefnan, hæsta stig auðvaldsins, formáli V, bls. 13 og 14, kafli VII, bls. 115-130, kafli X, bls. 163-171.

Ýtarlegra lesefni: V.I.Lenín: Heimsvaldastefnan, aðrir kaflar.

6. fundur: UM RÍKIÐ.

Lesefni: V.I.Lenín: Ríki og bylting, 1. kafli, bls. 7-27, 3. kafli, bls. 45-71.

Ýtarlegra lesefni: V.I.Lenín: Ríki og bylting, aðrir kaflar.
F.Engels: Úrvalsrit I, Uppruni fjölskyldunnar, einkaeignarinnar og ríkisins, bls. 346-498.

7. fundur: ÁSTANDIÐ Í HEIMINUM Í DAG.

Lesefni: Tillaga um meginstefnu alþjóðahreyfingar kommúnista (25 púnktarnir). Aðaláherzla lögð á púnkta 8,9,10,11,14,16,18 og 23. Aðrir púnktar hraðlesnir.

Ýtarlegra lesefni: Lín Píaó: Skýrsla til Níunda Landsþings Kommúnistaflokks Kína (kafli VII: Tengsl Kína við önnur lönd).

8. fundur: UM FLOKKINN.

Lesefni: Saga kommúnistaflokks ráðstjórnarríkjanna: Niðurstöður, bls. 617-634.
Lenín: Skilyrði fyrir inngöngu í alþjóðasamband kommúnista.

Ýtarlegra lesefni: J.V.Stalín: Lenínisminn, kafli VIII, flokkurinn.

TILLAGA AÐ SKIPULAGI NÁMSFUNDA

1. Hafið vikulega fundi.
2. Hefjið fundina á upprifjun síðasta fundar. Skipið ritara og látið ritarastarfið ganga á milli félaganna í hópnum. Geymið "óleysanleg" deiluefni til úrlausnar á næsta fundi.
3. Námsleiðara ber að vera fundarstjóri. Farið ekki út fyrir efni hvers fundar. Mikilvægt er, að byltingarsinnaður agi sé í heiðri hafður á námsfundunum, einn tali í einu og fundarmenn mæti vel lesnir og séu reiðubúnir að gera námsefninu skil eftir föngum.
4. Ræðið á gagnrýninn hátt starf fundarins í lok hvers fundar.
5. Gerið öllum ljóst:

   "Heimspeki marxismans, hin díalektíska efnishyggja, á sér tvö sérkenni, sem mjög ber á. Fyrra einkennið er stéttareðli hennar, opinber viðurkenning þess, að hin díalektíska efnishyggja standi í þjónustu verkalýðsstéttarinnar. Síðara sérkennið er starfseðli hennar, sú staðhæfing að fræðikenningin sé háð starfinu, að starfið sé undirstaða kenningarinnar og hún í þjónustu þess."
6. Hafið sérfund strax og grundvallarnámi er lokið um gagnrýni á námshringinn, gerð hans, efnisval, spurningar, námsleiðarann og ykkur sjálf og sendið niðurstöður ykkar strax til Hjálmtýs Heiðdals, Birkimel 10, Reykjavík, svo hægt sé að sameina reynslu allra hópanna fyrir endurbætur á námshringnum og uppbyggingu Kommúnistahreyfingarinnar m - l.

FRAM TIL BARÁTTU FYRIR BYLTINGARSINNUÐU NÁMSSTARFI ÖREIGASTÉTTARINNAR !

LÆRUM AF STÉTTABARÁTTUNNI OG GERUM ÞEKKINGU OKKAR AÐ VOPNI TIL FLOKKSMYNDUNAR !

LIFI MARXISMINN - LENÍNISMINN. HUGSUN MAÓ TSETUNGS !

EFNISYFIRLIT :

"SAGAN Á UMLIÐNUM ÖLDUM HEFUR VERIÐ SAGA UM STÉTTABARÁTTU" .... bls. 2

FYRSTU DRÖG AÐ BYLTINGARSINNAÐRI STÉTTA-SKILGREININGU Á ÍSLENZKA ÞJÓÐFÉLAGINU .... bls. 4

HUGMYNDAFRÆÐI SMÁBORGARALEGU SÓSÍALISTANNA ..... bls. 15

LÝÐRÆÐI ÞJÓÐVILJANS - ALRÆÐI BORGARANNA .... bls. 21

ÚTÞENSLA HEIMSVALDASTEFNUNNAR OG KVISLINGARNIR Í BANGLA DESH .... bls. 22

BYLTINGARSINNAÐ NÁMSSTARF .... bls. 29



Bindum endi á launaþrælkun og kúgun, tortímingu og styrjaldir! Teflum byltingarsinnuðu afli gegn íhaldsamri valdbeitingu borgarastéttarinnar og koll-steypum auðvaldsþjóðfélaginu! Öreigar og þjáðir menn í þúsund löndum! Sameinumst í baráttunni fyrir alræði öreiganna — uppbyggingu sósíalismans!

STÉTT GEGN STÉTT